



Ársrit
Samkeppniseftirlitsins 2007

Breytt umhverfi – öflugra eftirlit



SAMKEPPNISEFTIRLITID



Efnisyfirlit

Samkeppni að utan

Aðfaraorð formanns stjórnar bls. 4

Virk samkeppni – hagsmunir allra

Inngangur forstjóra bls. 5

Áherslur Samkeppniseftirlitsins síðustu misseri bls. 6

Skipulagi breytt – aukin skilvirkni bls. 9

Nýlegar breytingar á samkeppnislögum bls. 10

Samskipti við lögmenn – skýrari reglur bls. 12

Getur Samkeppniseftirlitið staðið undir væntingum um málshraða? bls. 13

Virk þátttaka í erlendu samstarfi bls. 14

Mál til meðferðar á árinu 2006 bls. 15

Útgefandi



Ágúst 2007



Samkeppni að utan

Það er alkunna að verð á margs konar vörum og þjónustu er talsvert hærra hérlendis en í nágrannalöndum okkar. Þetta fæst staðfest í hverri verðkönnuninni á fætur annarri og fer ekki fram hjá Íslendingum þegar þeir ferðast út fyrir landsteinana.

Í sumum tilfellum má skýra muninn a.m.k. að hluta með hærri opinberum gjöldum hérlendis, einkum því að hærri þrepið í virðisaukaskattskerfinu er nokkuð hátt hérlendis í alþjóðlegum samanburði. Flutningskostnaður getur einnig skýrt nokkuð.

Eftir stendur hins vegar að í mörgum tilfellum er munur á verði sambærilegra vara hérlendis og erlendis meiri en hægt er að skýra með þessum hætti. Það sem út af stendur verður þá í flestum tilfellum að skrifa á óhagkvæmni hérlendis, hvort heldur er í smásölu eða heildsölu, háa álagningu



Þótt Samkeppniseftirlitið fylgist fyrst og fremst með starfsemi innlendra fyrirtækja þá liggur í hlutarins eðli að stofnuninni ber jafnframt að gera það sem í hennar valdi stendur til að samkeppni erlendra aðila hérlendis komi íslenskum neytendum til góða.

eða lélegan árangur við innkaup. Lítil markaður með fáum keppinautum virðist ekki skila íslenskum viðskiptavinum nógu góðum kjörum.

Í mörgum tilfellum eiga íslenskir neytendur enga aðra kosti en að greiða þetta háa verð vilji þeir á annað borð kaupa viðkomandi vöru. Í sumum tilfellum geta þeir þó keypt vörur á ferðalögum erlendis á mun lægra verði en hérlendis. Það gera þeir líka í umtalsverðum mæli eins og merkja má t.d. á notkun Íslendinga á krítarkortum erlendis og muninum á þyngd farangurs flugfarþega til og frá landinu.

Því eru þó vitaskuld takmörk sett hve mikið er hægt að flytja af vörum til landsins í ferðatöskum og komast þannig hjá óhagkvæmum viðskiptum við innlenda aðila. Meiri vonir virðist vera hægt að binda við innkaup á netinu. Íslendingar hafa tekið

þeim möguleika fegins hendi og þeim fer fjölgandi sem kaupa allt frá bókum til bíla beint til Íslands frá útlöndum. Eftir talsverðu er að slægjast, sérstaklega þegar keyptar eru litlar en verðmætar vörur. Sem dæmi má taka að algengt er að það kosti um fjórðungi meira að kaupa vandaða myndavél í verslun á Íslandi en að fá sams konar vél senda frá vefverslun í Bandaríkjunum þótt við erlenda verðið bætist nokkur flutningskostnaður og íslenskur virðisaukaskattur.

Slík samkeppni hlýtur fyrr eða síðar að þrýsta niður verði hérlendis. Íslenskar verslanir, sem bjóða til sölu vörur sem auðvelt er að kaupa beint frá útlöndum, verða að bjóða samkeppnishæf kjör ætli þær sér að lifa til frambúðar.

Þeir sem selja vörur sem hægt er að flytja rafrænt á milli landa með sáralitlum kostnaði, svo sem tónlist, tölvuforrit og sjónvarpsefni, gætu staðið frammi fyrir erfiðustu samkeppninni. Ýmsar hindranir eru þó í mörgum tilfellum á slíkum viðskiptum á milli landa, t.d. þannig að eigendur höfundarréttar banna sölu smásala nema á tilteknu svæði. Það væri mikill sigur fyrir íslenska neytendur ef þeir fengju óhindrað að kaupa slíkt efni erlendis frá á því verði sem þar er í boði hugnist þeim ekki þau kjör sem innlendir aðilar bjóða.

Þótt Samkeppniseftirlitið fylgist fyrst og fremst með starfsemi innlendra fyrirtækja þá liggur í hlutarins eðli að stofnuninni ber jafnframt að gera það sem í hennar valdi stendur til að samkeppni erlendra aðila hérlendis komi sér vel fyrir íslenska neytendur. Þróunin undanfarin ár hefur hér verið í rétta átt. Þó er mikið svigrúm enn fyrir vöxt slíkra viðskipta. Jafnframt hlýtur að koma til skoðunar hvort ekki er hægt að ryðja úr vegi þeim opinberu hindrunum sem enn eru til staðar á ýmsum mörkuðum, t.d. í pósthverslun með lyf á milli landa.

***Gylfi Magnússon,
formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins***



Virk samkeppni – hagsmunir allra

Virk samkeppni á öllum sviðum atvinnulífsins og heilbriggt samkeppnisumhverfi er án efa á meðal þýðingarmestu hagsmunamála íslensks þjóðfélags, hvort sem um er að tefla hagsmuni neytenda, hagsmuni fyrirtækja eða efnahagskerfisins í heild sinni. Miklu skiptir að fyrirtæki, stjórnvöld og neytendur setji heilbriggt samkeppnisumhverfi á oddinn í þeim umbreytingum sem nú eiga sér stað í íslensku atvinnulífi. Þar hafa allir hlutverki að gegna.

Huga þarf að þessu í mótun íslenskrar fyrirtækjamenningar. Þar gegna fyrirtækin sjálf lykilhlutverki og einnig lögmenn þeirra sem oft og tíðum annast ráðgjöf um samkeppnislög og samkeppnisreglur. Ólík er sýn þess lögmanns sem ráðleggur umbjóðendum sínum hvernig komast eigi undan aðgerðum Samkeppniseftirlitsins og hins sem kennir umbjóðendum sínum að fara að samkeppnislögum svo ekki þurfi að koma til aðgerða á grundvelli samkeppnislaga.

Stjórnvöld eiga að ganga á undan með góðu fordæmi sem áhrifavaldar í íslensku atvinnulífi. Með gagnrýninni endurskoðun laga og stjórnvaldsfyrirmæla mætti ryðja úr vegi mörgum samkeppnishindrunum þar sem markmiðum samkeppnislaga er ýtt til hliðar án þess að fyrir því liggi nægilega skýr rök.

Jafnframt þurfa neytendur að veita atvinnulífinu aðhald svo samkeppnisfyrirtækjum skiljist að lengri tíma hagsmunir þeirra falla saman við hagsmuni samfélagsins alls af virkri samkeppni. Þetta geta neytendur gert með því að vera virkir í umræðu um verðlag og samkeppnismál og taka ákvarðanir um viðskipti með hliðsjón af verði, gæðum og samkeppnisstöðu á viðkomandi markaði.

Samkeppniseftirlitið stuðlar að framangreindu með ýmsum hætti. Það beitir af festu heimildum samkeppnislaga til að afla gagna, upplýsa mál og leiða þau til lykta með viðeigandi sektum og íhlutun. Eftirlitið leitast einnig við að sýna stjórnvöldum aðhald, t.d. með tilmælum um að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum. Enn fremur er stuðlað að uppbyggilegri umræðu

Ólík er sýn þess lögmanns sem ráðleggur umbjóðendum sínum hvernig komast eigi undan aðgerðum Samkeppniseftirlitsins og hins sem kennir umbjóðendum sínum að fara að samkeppnislögum svo ekki þurfi að koma til aðgerða á grundvelli samkeppnislaga.

um samkeppnismál með upplýsingagjöf um starfsemina og þátttöku í umfjöllun af ýmsu tagi. Þá treystir eftirlitið á þátttöku einstaklinga og fyrirtækja en þeim er boðið upp á að koma ábendingum um samkeppnislagaábrott á framfæri á heimasíðu eftirlitsins undir nafni eða nafnlaust.

Í þessu ársriti er vikið að ýmsum atriðum sem varða samkeppnisreglur og framkvæmd þeirra. Fjallað er um áherslur Samkeppniseftirlitsins og hvernig þeim hefur verið fylgt eftir. Raktar eru nýlegar breytingar á samkeppnislögum sem ætlað er að styrkja framkvæmd samkeppnislaga. Einnig er lýst breytingum á skipulagi eftirlitsins og málsmeðferðarreglum sem gera eiga vinnu eftirlitsins markvissari og fjallað sérstaklega um málshraða hjá eftirlitinu og breytingar í þeim efnum. Að síðustu er sagt frá starfi Samkeppniseftirlitsins á árinu 2006, fjallað um þátttöku í erlendu samstarfi og gefið yfirlit yfir opinberlega birtar ákvarðanir og álit, auk yfirlits yfir úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála og úrlausnir dómstóla.

Eðli málsins samkvæmt lýkur mótun og styrkingu samkeppniseftirlits aldrei. Ef samkeppnislögum er fylgt eftir af einurð og festu verður til reynsla sem nýta má til að styrkja lögin enn frekar og bæta framkvæmd þeirra. Einnig þarf stöðuga umræðu um efnisreglur samkeppnislaga og úrræði sem þau veita. Í þeirri umræðu þarf að taka mið af þróun atvinnulífsins á hverjum tíma.

Samkeppniseftirlitið vill vera þátttakandi í slíkri umræðu.

Páll Gunnar Pálsson forstjóri

Stjórn

Gylfi Magnússon
dósent við viðskipta- og
hagfræðideild Háskóla Íslands,
formaður

Jóhann R. Benediktsson
lögreglu- og tollstjóri
á Suðurnesjum

Jóna Björk Helgadóttir,
héraðsdómslögmaður

Varamenn í stjórn

Eyvindur G. Gunnarsson
lektor við lagadeild HÍ

Áslaug Árnadóttir
skrifstofustjóri
viðskiptaráðuneyti

Guðný Hrund Karlsdóttir
viðskiptafræðingur

Forstjóri – yfirstjórn:

Páll Gunnar Pálsson
forstjóri

Guðmundur Sigurðsson
aðstoðarforstjóri

Ásgeir Einarsson
aðstoðarforstjóri



Áherslur Samkeppniseftirlitsins síðustu misseri



Samkeppniseftirlitið leggur á fyrstu starfsárum sínum áherslu á að fylgjast með samkeppnisumhverfi á þremur sviðum atvinnulífsins: á matvörumarkaði, í fjármálaþjónustu og á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar. Öll eiga þessi svið það sammerkt að skipta neytendum miklu máli. Þau hafa jafnframt tekið miklum breytingum á undanförunum árum, oft í átt til aukinnar fákeppni.

Áherslur Samkeppniseftirlitsins koma fram með ýmsum hætti. Þannig er ráðist í rannsóknir á viðkomandi mörkuðum, tilkynntir samrunar grandskoðaðir, tilmælum beint til stjórnvalda, eftir atvikum stuðlað að norrænni eða alþjóðlegri greiningu samkeppniseftirlita á viðkomandi markaði og staðið fyrir opinberri umræðu um mikilsverða hagsmuni almennings.

▶ **Matvælamarkaður**

Samkeppniseftirlitið hefur varið um 20% af ráðstöfunartíma sínum í málefni sem tengjast matvörumarkaði ef hliðsjón er höfð af tímaskráningu verkefna frá miðju ári 2006 til miðs þessa árs. Á því tímabili hafa um 30 stjórnslumál af ýmsum toga verið til meðferðar.

Eftirfarandi ber þar hæst:

▶ Á miðju síðasta ári hóf Samkeppniseftirlitið athugun á tilteknum þáttum smásölumarkaðarins. Meginmarkmið þeirrar athugunar er að meta stöðu einstakra fyrirtækja á markaðnum, greina með hvaða hætti aðilar kunni að fara með markaðsráðandi stöðu á honum og kanna m.a. hvort átt hafi sér stað skaðleg undirverðlagning á tilteknum sviðum. Aflað hefur

verið umfangsmikilla gagna vegna þessarar athugunar og er hún vel á veg komin. Ekki liggur þó fyrir hvenær henni lýkur.

▶ Hafin er athugun á viðskiptasamningum birgja og endurseljenda, s.s. matvöruverslana og veitingahúsa. Beinist gagnaöflun að um 70 birgjum. Í tengslum við þessa gagnaöflun hafa tilteknir samningar verið teknir til nánari skoðunar.

▶ Til athugunar er hvort Mjólkursamsalan, Osta- og smjöralsan og tengd fyrirtæki hafi farið gegn banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Sú athugun hófst með húsleit nú í vor.

▶ Innflutningsvernd á landbúnaðarvörum er til skoðunar af hálfu Samkeppniseftirlitsins og kemur til greina að beina álitni til landbúnaðarráðherra vegna samkeppnishindrana sem leiða af innflutningsverndinni. Jafnframt þessu hefur fyrri álitum Samkeppniseftirlitsins til landbúnaðarráðherra vegna samkeppnisaðstæðna í landbúnaði verið fylgt eftir.

▶ Til skoðunar er hvort um ólöglegt samráð hafi verið að ræða innan Samtaka ferðaþjónustunnar, m.a. í tengslum við aðgerðir stjórnvalda til að lækka matarverð með breytingum á virðisaukaskatti. Jafnframt er til skoðunar hvort samráð hafi átt sér stað innan annarra hagsmunasamtaka í tengslum við þessar aðgerðir stjórnvalda.

Á meðal aðgerða, sem lokið er, má nefna þessar:

▶ Samkeppniseftirlitið tók þátt í gerð skýrslu norrænna samkeppniseftirlita um matvörumarkaðinn sem birt var í lok árs 2005. Skýrslan leiddi í ljós mikinn verðmun á matvörum hér á landi og í flestum



sseri

öðrum norrænum löndum. Samkeppniseftirlitið fylgdi framangreindri skýrslu eftir með ítarlegri kynningu en skýrslan varð tilefni mikillar umræðu í lok árs 2005 og byrjun árs 2006 um verðlag og samkeppnisaðstæður á matvörumarkaðnum.

► Samtímis því að Samkeppniseftirlitið birti niðurstöður hinnar norrænu skýrslu kynnti það áherslur sínar á þessu sviði. Á heimasíðu eftirlitsins er að finna fréttatilkynningu um þetta en í fylgiskjali með henni er ítarlega fjallað um samkeppnisaðstæður hér á landi (sjá www.samkeppni.is, undir skýrslur, ræður og kynningar).

► Framangreindri umfjöllun var fylgt eftir með fjölmörgum fundum með þátttakendum og hagsmunaaðilum á matvörumarkaðnum á árinu 2006. Upplýsingar, sem þar komu fram, voru síðan nýttar til þess að móta nánari áherslur Samkeppniseftirlitsins.

► Í desember 2005 beindi Samkeppniseftirlitið álit til landbúnaðarráðherra þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að opinber styrkveiting til mjólkurframleiðenda í formi beingreiðslna mismuni nautakjötsframleiðendum en sú styrkveiting nýtist þeim nautakjötsframleiðendum sem jafnframt stunda mjólkurframleiðslu. Styrkveitingin fari því gegn markmiði samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið beindi þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að jafna samkeppnisstöðuna. Álitid, nr. 1/2005, er birt á heimasíðu eftirlitsins.

► Í október 2006 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Osta- og smjörösalan hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína gagnvart Mjólk ehf. þegar hún seldi fyrirtækinu mjólkurduft á öðru

og hærra verði en öðru fyrirtæki í ostaframleiðslu. Þessi ákvörðun var staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála í desember sl. Sjá nánar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 39/2006 og úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 8/2006.

► Í tengslum við þetta mál beindi Samkeppniseftirlitið álit til landbúnaðarráðherra þar sem mælt var til þess að hann beitti sér fyrir breytingum á ákvæðum búvörulaga sem hindra samkeppni og mismuna fyrirtækjum í mjólkuriðnaði. Sérstaklega var fjallað um skaðleg áhrif ákvæða búvörulaga sem heimila samkeppnishamlandi samruna og samráð afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Jafnframt var því beint til ráðherra að hann beitti sér fyrir því að fella niður tolla á mjólkurdufti í því skyni að greiða fyrir samkeppni í mjólkuriðnaði. Sjá nánar álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2006.

◀ Fjármálaþjónusta

Fjármálastarfsemi gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagslífi hvers þjóðar og hefur áhrif á starfsemi á öðrum mörkuðum og í efnahagskerfinu í heild. Þess vegna er grundvallaratriði að samkeppni sé virk á fjármálamarkaði og markaðurinn sé eins skilvirkur og mögulegt er. Skortur á samkeppni í þjónustu banka skaðar neytendur. Þess vegna er fjármálastarfsemi á meðal þeirra þátta atvinnulífsins sem Samkeppniseftirlitið leggur megináherslu á í starfsemi sinni.

Samkeppniseftirlitið hefur varið tæplega 20% af ráðstöfunartíma sínum í málefni sem tengjast fjármálaþjónustu miðað við tímaskráningu verkefna frá miðju ári 2006 til miðs þessa árs. Á þessu tímabili hafa milli 30 og 40 stjórnslumál af ýmsum toga verið til meðferðar.

Þessi mál ber hæst:

► Athugun á greiðslukortamarkaðnum hófst með húsleit í Greiðslumiðlun hf. og Kreditkortum hf. í júní 2006.

Þá var gerð húsleit hjá Fjölgreiðslumiðlun ehf. í mars á þessu ári. Athuganir Samkeppniseftirlitsins beinast að því að taka afstöðu til þess hvort brotið hafi verið gegn banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og banni við ólögmetu samráði. Rannsókninni miðar vel en ekki liggur fyrir hvenær henni lýkur.

► Fyrr á þessu ári hóf Samkeppniseftirlitið athugun á samstarfi sparisjóða með það að markmiði að kanna hvort samkeppnislögum hafi verið fylgt í því samstarfi.

► Í vor hóf Samkeppniseftirlitið athugun á samkeppnislegum áhrifum af eigna- og stjórnunartengslum milli Glitnis banka hf. og fyrirtækja sem starfa á sama markaði. Athugunin hófst í tilefni af eignabreytingum í Glitni banka hf. fyrr á þessu ári. Í ákvörðun nr. 14/2007, þar sem samruni Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar var heimilaður, vakti Samkeppniseftirlitið athygli á eigna- og stjórnunartengslum milli Glitnis banka hf., Byrs





sparisjóðs og FL-Group hf. og benti á að þau tengsl kynnu að koma til skoðunar á síðari stigum.

Í ágúst 2006 kynnti Samkeppniseftirlitið skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna um samkeppni á norrænum viðskiptabankamörkuðum. Samhliða því kynnti eftirlitið áherslur sínar í tilefni af skýrslunni. Lagði Samkeppniseftirlitið áherslu á að samkeppnishindrunum yrði rutt úr vegi. Bent var sérstaklega á lítinn hreyfanleika viðskiptavina milli banka og mikilvægi þess að fella niður stimpilgjald, afnema uppgreiðslugjald af lánum og takmarka samtvinnun þjónustu hjá bönkum. Verklag í þjónustunni eigi að miðast við það að auðvelda viðskiptavinum að skipta um banka.

Jafnframt var bent á að samtvinnuð eignarhald á greiðsluþjónunar- og greiðslumiðlunarkerfum bankanna og önnur ómissandi sameiginleg aðstaða hindraði komu nýrra aðila inn á íslenskan bankamarkað. Þá var bent á að sameiginlegt og einsleitt eignarhald á greiðslukortafyrirtækjum væri óheppilegt. Skýrslunni og tilmælum Samkeppniseftirlitsins var fylgt eftir á fundum með hagsmunaaðilum.

◀ **Fjarskipti og fjölmiðlun**

Um 11% af ráðstöfunartíma Samkeppniseftirlitsins var varið í fjarskipti og fjölmiðlun frá miðju ári 2006 til miðs þessa árs og hafa um 20 stjórnáráðgjafi verið til umfjöllunar á þessu tímabili. Umfjöllun um fjarskipti, fjölmiðlun og upplýsingatækni skarast mikið vegna uppbyggingar markaðarins.

Á meðal aðgerða á þessu sviði síðustu misseri má nefna athuganir sem miðað hafa að því að fylgja eftir ákvörðunum samkeppnisráðs nr. 10 og 12/2005 en með þeim voru samþykktir með skilyrðum samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. annars vegar og samruni Og fjarskipta ehf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf. hins vegar. Hafa athuganir lotið að gagnkvæmri dreifingu sjónvarpsrása og framkvæmd fleiri skilyrða í framangreindum ákvörðunum.

Einnig hefur samkeppnisstaða minni keppnauta verið til skoðunar en nefna má að Samkeppniseftirlitið hefur undanfarið aflað upplýsinga um verðlagningu á ADSL-tengingum Símans og viðskiptasamningum þar að lútandi. Þá komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Landssími Íslands hf. hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að niðurgreiða læsta GSM-farsíma

í sitt eigið farsímakerfi á árunum 2003 og 2004, sbr. ákvörðun nr. 17/2007.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið á síðustu misserum tekið samruna fyrirtækja í fjarskiptum og fjölmiðlun til ítarlegrar skoðunar og ógilti þ. á m. á síðasta ári samruna Dagsbrúnar hf. og Senu hf. en sú ákvörðun var síðan felld úr gildi af hálfu áfrýjunarnefndar vegna formannmarka sem nefndin taldi vera fyrir hendi.

Enn fremur má nefna að Samkeppniseftirlitið veitti Alþingi umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. og benti í því efni á þá samkeppnislegu mismunun, sem af því leiðir, að Ríkisútvarpið starfi á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda útvarpsþjónustu í almannabágu.

◀ **Aðrir markaðir hafa einnig mikið vægi í starfi Samkeppniseftirlitsins**

Þótt Samkeppniseftirlitið hafi ákveðið að leggja sérstaka áherslu á ofangreinda markaði á fyrstu misserum starfs síns ver það einnig miklum tíma í eftirlit með öðrum sviðum atvinnulífsins. Samgöngur og ferðamál hafa þannig mikið vægi í starfi Samkeppniseftirlitsins en nefna má í því sambandi að Samkeppniseftirlitið gerði í vor húslit hjá Samtökum ferðaþjónustunnar og tilteknum ferðaskrifstofum en athugunin beinist að því hvort þessir aðilar hafi brotið gegn banni við ólögmetu samráði.

Einnig hefur Samkeppniseftirlitið á undanföllum misserum fylgst náið með samkeppni á raforkumarkaði. Þannig lagðist Samkeppniseftirlitið gegn því að Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða stofnuðu sameiginlegt félag um orkusölu og féllst Landsvirkjun á að ganga út úr félaginu, sbr. ákvörðun nr. 49/2006. Á sama hátt lagðist Samkeppniseftirlitið gegn frumvarpi til laga á orkusviði sem gerði ráð fyrir því að færa eignarhlut í Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða undir Landsvirkjun. Þá hafa heildsölusamningar Landsvirkjunar á raforku verið til athugunar.

Einnig hefur Samkeppniseftirlitið lagt áherslu á athuganir á lyfjamarkaði. Þar má einkum nefna ákvörðun nr. 28/2006 en með henni var samruni Lyfja og heilsu (DAC ehf.) og Lyfjavers ehf. ógiltur. Í ákvörðuninni er að finna ítarlega umfjöllun um smásölu lyfja á Íslandi. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun eftirlitsins í úrskurði sínum nr. 6/2006.





Skipulagi breytt – aukin skilvirkni

Í byrjun maí sl. voru gerðar breytingar á innra skipulagi Samkeppniseftirlitsins sem miða að því að styrkja enn frekar hið verkefnastýrða skipulag sem tekið var upp haustið 2005. Breytingunum er ætlað að auka skilvirkni við vinnslu mála auk þess sem markaðsgreiningum er búinn fastari sess í skipulaginu. Um leið endurspeglar breytt skipan betur hlutverk starfsmanna.


Eftir breytingarnar er Páll Gunnar Pálsson sem fyrr forstjóri. Guðmundur Sigurðsson er aðstoðarforstjóri og staðgengill forstjóra með heildaryfirsýn yfir ástand samkeppnismála og Ásgeir Einarsson, sem áður var aðallögfræðingur, er nú aðstoðarforstjóri með heildaryfirsýn yfir þróun samkeppnisréttar, faglega úrlausn mála og samfellu í ákvörðunum. Regin Mogensen er yfirlögfræðingur, Kristján Indriðason er sviðsstjóri með faglega ábyrgð á markaðsgreiningum og Steingrímur Ægisson er sviðsstjóri með faglega ábyrgð á samrunamálum.

Samhliða þessum breytingum eru störf sérfræðinga skilgreind betur með það í huga að efla markaðsgreiningu í Samkeppniseftirlitinu.

Lögð er áhersla á upplýsingatækni- og húsleitarmál og er Hilmar Þórðarson verkefnisstjóri á því sviði.

Framangreindar breytingar fela ekki í sér eiginlegar breytingar á skipuriti stofnunarinnar. Áfram eru meginmarkmið skipuritsins að tryggja góða yfirsýn yfir markaði og verkefni, tryggja að fyrirliggjandi þekking og reynsla nýtist á hverjum tíma í þau verkefni sem vinna þarf og tryggja að Samkeppniseftirlitið og einstakar einingar þess vinni saman sem ein heild.

Árný Albertsdóttir	Skjalavörður
Ásgeir Einarsson	Aðstoðarforstjóri
Birgir Óli Einarsson	Sérfræðingur
Brynja Hafsteinsdóttir	Sérfræðingur
Brynja Stephanie Swan	Sérfræðingur
Eva Ómarsdóttir	Sérfræðingur
Guðmundur Sigurðsson	Aðstoðarforstjóri
Hilmar Þórðarson	Verkefnisstjóri/ Upplýsingatæknistjóri
Hjörtur Örn Eysteinnsson	Sérfræðingur
Katrín Smári Ólafsdóttir	Sérfræðingur
Kristján Indriðason	Sviðsstjóri
Marín Ólafsdóttir	Sérfræðingur
Páll Gunnar Pálsson	Forstjóri
Regin Mogensen	Yfirlögfræðingur
Snorri Stefánsson	Sérfræðingur
Sonja Egilsdóttir	Skrifstofustjórn
Steingrímur Ægisson	Sviðsstjóri
Vilborg Birningur Torfadóttir	Skjalavörður
Þorbergur Þórsson	Sérfræðingur
Þórolfur Heiðar Þorsteinsson	Sérfræðingur
Örn E. Pálsson	Sérfræðingur



Framkvæmd samkeppnislaga styrkt

Nýlegar breytingar á samkeppnislögum



Á síðustu dögum Alþingis vorið 2007 voru samþykkt lög, nr. 52/2007, um breytingu á viðurlagaákvæðum samkeppnislaga. Breytingarnar fela í sér verulega styrkingu á heimildum við framkvæmd samkeppnislaga. Frumvarpið var samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum og var tilgangurinn með lagabreytingunni fyrst og fremst sá að skýra þær reglur sem eru í gildi og skerpa varnaðaráhrif þeirra. Rétt er að fara yfir helstu ákvæði laganna með tilliti til þessa.

Refsiábyrgð skýrð – einstaklingum refsað fyrir samráðsbrot

Samkvæmt breyttum lögum sæta einstaklingar refsíábyrgð vegna brota á bannákvæði samkeppnislaga um ólöglegt samráð, sbr. 41. gr.a. laganna. Refsiábyrgð er nú einskorðuð við starfsmenn eða stjórnarmenn fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja sem framkvæma, hvetja til eða láta framkvæma samráð. Aðrir geta orðið ábyrgir vegna brota gegn samkeppnislögum á grundvelli reglna um tilraun og hlutdeild samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Horfið er þannig frá hinum almennu refsheimildum

fyrri laga þar sem kveðið var á um að hvers konar brot á lögnum varðaði fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum og fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Nú er refsíábyrgð einskorðuð við alvarleg samráðsbrot sem skaðlegust eru fyrir samfélagið.

Í breytingunum felst jafnframt að fyrirtækjum verður ekki gerð refsing í refsímáli, heldur varða brot fyrirtækja stjórnvaldssektum eins og verið hefur í framkvæmd.

Samkvæmt nýjum lögum má dæma menn til sviptingar réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga en áður skorti heimild til að gera upptækan hagnað vegna samráðsbrot.

Samráðsbrot talin sérstaklega alvarleg

Með breyttum lögum er undirstrikað hversu skaðleg samráðsbrot eru samfélaginu. Þetta er gert með því að afmarka refsíábyrgð einstaklinga við þau brot en einnig með því að hækka refsihámarkið vegna slíkra brota úr fjórum árum í sex ár. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til alþjóðlegra rannsókna á skaðsemi samráðsbrot og tekið fram að ólöglegt samráð keppinauta um verð og önnur viðkvæm viðskiptaleg málefni sé ótvírátt til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ólögmetan ávinning og efnahagslegan skaða, bæði fyrir neytendur og atvinnulífið.

Refsivert er að torvelða og spilla fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins

Sérstaklega er kveðið á um að refsing liggji við því að torvelða eða spilla fyrir rannsóknaraðgerðum Samkeppniseftirlitsins. Sektor og fangelsi allt að þremur árum liggur við því að eyðileggja, falsa, koma undan eða gera á annan hátt ónothæf hvers konar gögn sem hafa þýðingu fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Sektor og fangelsi allt að tveimur árum liggur við því að veita Samkeppniseftirlitinu rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar. Kveðið er á um þetta í 41. gr. b. Má búast við því að þessar breytingar efla skilvirkni rannsókna Samkeppniseftirlitsins.

Brot einstaklings sætir aðeins rannsókn lögreglu eftir kæru Samkeppniseftirlitsins

Í 42. gr. er nýtt ákvæði um verklag við rannsókn mála sem beinast gegn fyrirtækjum annars vegar, en brot þeirra varða stjórnvaldssektum, og einstaklingum hins vegar en þeir geta aðeins sætt viðurlögum í refsímáli. Fyrirkomulag viðurlaga felur það í sér að mál sama aðila verður ekki rannsakað bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi, þ.e. Samkeppniseftirlitinu, og lögreglu.

Er nú í fyrsta sinn kveðið á um að brot gegn samkeppnislögum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Samkeppniseftirlits til lögreglu. Felur það í sér að ef meint brot varðar bæði stjórnvaldssektum og refsingu er það Samkeppniseftirlitsins, með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða, að taka ákvörðun um hvort sá hluti málsins, sem varðar refsíábyrgð einstaklings, skuli kærður til lögreglu. Það er síðan lögreglunnar að rannsaka þau mál frekar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra. Samkeppniseftirlitið rannsakar eftir sem áður ætluð brot fyrirtækja.

Samspil milli lögreglu og Samkeppniseftirlitsins tryggt

Þegar brot varðar bæði stjórnvaldssekt hjá fyrirtæki og refsingu einstaklings er í 42. gr. laganna tryggt að nauðsynleg upplýsingamiðlun geti átt sér stað milli lögreglu og Samkeppniseftirlitsins og að athuganir á brotunum séu ekki torveldaðar. Þannig er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti látið lögreglu og ákæruvaldi í té gögn og upplýsingar sem tengjast brotunum og að lögregla og ákæruvald geti á sama hátt veitt Samkeppniseftirlitinu gögn og upplýsingar og sent mál til Samkeppniseftirlitsins til ákvörðunar um kæru.

Þá er kveðið á um að ákvæði stjórnsýslulaga um andmælarétt o.fl. eigi ekki við um þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að kæra mál til lögreglu. Einnig er Samkeppniseftirlitinu heimilt að takmarka tímabundið aðgang málsaðila að gögnum sem tengjast rannsókn á refsiverðum brotum ef hætta er talin á að slíkur aðgangur torveldi opinbera rannsókn.

Réttarstaða fyrirsvarsmanna fyrirtækja

Þá hefur sérstaklega verið lögfest regla um að upplýsingar, sem fyrirsvarsmenn fyrirtækja veita Samkeppniseftirlitinu án atbeina lögreglu, sé ekki unnt að nota gegn þeim persónulega í refsímáli. Með þessu

41. gr. a.

Hver starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og/eða 12. gr. og varðar þau atriði sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum

Ákvæði 1. mgr. tekur til eftirfarandi brota fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi á 10. eða 12. gr.:

- amráðs um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör,
- amráðs um takmörkun eða stýringu á framboði, framleiðslu, mörkuðum eða sölu,
- amráðs um skiptingu á birgðalindum eða mörkuðum, t.d. eftir svæðum eða viðskiptavinum,
- amráðs um gerð tilboða,
- amráðs um að eiga ekki viðskipti við tiltekin fyrirtæki eða neytendur,
- upplýsingagjafir um þau atriði sem fram koma í a–e-liðum.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til ólöglegs samráðs milli fyrirtækja sem hefur það að markmiði að fyrirtæki hefji ekki samkeppni í atvinnustarfsemi.

Með samráði í þessari grein er átt við samninga, samþykktir, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á 10., 12. og 41. gr. b laga þessara.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt grein þessari er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

móti er réttarstaða þessara einstaklinga betur tryggð. Tryggir þetta einnig skilvirkari rannsókn mála fyrir samkeppnisyfirlitum því fyrirsvarsmáður fyrirtækis getur ekki neitað að veita Samkeppniseftirlitinu upplýsingar til notkunar í stjórnslumáli gegn viðkomandi fyrirtæki á þeim grundvelli að slíkar upplýsingar yrðu síðar notaðar gegn honum persónulega í refsímáli.

Ítarlega stjórnvaldssektarákvæði

Í nýju stjórnvaldssektarákvæði 37. gr. laganna er tilgreint með ítarlegri hætti en áður hvaða brot gegn ákvæðum laganna varði stjórnvaldssektum. Er nú kveðið á um að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ef þau hafa brotið gegn bannákvæðum laganna, þ.e. hafa haft með sér ólögmeitt samráð eða misnotað markaðsráðandi stöðu, hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja brotið gegn ákvörðunum eftirlitsins, hafi fyrirtæki látið hjá líða að tilkynna um samruna, ekki virt skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn eða ekki farið eftir ákvæðum sáttar sem þau hafa gengist undir.

Brot á tilkynningarskyldu vegna samruna varða stjórnvaldssektum

Rétt er að vekja sérstaklega athygli á því að nú er heimilt að sekta fyrirtæki vegna brota á tilkynningarskyldu vegna samruna. Jafnframt liggja stjórnvaldssektir við því að brjóta gegn skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn.

Sektir vegna samtaka fyrirtækja rýmkaðar

Eins og áður miðast hámarksfjárhæð stjórnvaldssekta á fyrirtæki og samtök fyrirtækja við 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að broti. Nýmæli er hins vegar að ef brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila þeirra sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna tekur til. Miða ákvæðin að því að tryggja það að fyrirtæki geti ekki hagnast á því að brjóta gegn samkeppnislögum innan samtaka fyrirtækja þannig að sekt verði t.d. lægri vegna lægri veltu samtakanna en samanlögð velta einstakra aðildarfyrirtækja.

Brotleg fyrirtæki og stjórnendur þeirra hafa skýran hag af því að upplýsa um brot og liðsinna Samkeppniseftirlitinu

Samkeppniseftirlitið getur samkvæmt nýju lögnum ákveðið að kæra ekki til lögreglu brot einstaklinga sem upplýsa um brotin og liðsinna við rannsókn þeirra. Þetta er í samræmi við það meginmarkmið samkeppnisfirvalda að upplýsa um alvarleg brot gegn samkeppnislögum en þeir hagsmunir verða að ganga framur því að hver einasti einstaklingur, sem gerst hefur sekur um refsiverða háttsemi gegn lögnum, verði ákærður og sakfelldur.

Samkvæmt lögnum getur Samkeppniseftirlitið fallið frá sektarákvörðun hafi fyrirtæki verið fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna ólögmeits samráðs sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsókna eða sönnunar á broti. Einnig er Samkeppniseftirlitinu heimilt að lækka sektir ef fyrirtæki hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna ólögmeits samráðs sem eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það

hefur þegar í fórum sínum. Kveðið er á um þetta í 3. og 4. mgr. 37. gr. laganna.

Þessu til viðbótar getur Samkeppniseftirlitið ákveðið að kæra ekki einstakling hafi hann, eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna ólögmeits samráðs sem geta leitt til rannsókna eða sönnunar á broti eða eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Kveðið er á um þetta í 3. mgr. 42. gr. laganna.

Samkeppniseftirlitið vinnur nú að nýjum reglum um niðurfellingu og lækun sekta sem byggjast á hinum nýju lagaákvæðum.

Fyrningarreglur lögfestar

Við löginn bætist ný grein, 37. gr. a, þar sem er í fyrsta sinn kveðið á um fyrningarreglur vegna samkeppnislaga brota en heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að broti lauk. Jafnframt er nú kveðið sérstaklega á um rof fyrningarrests. Þar kemur fram að fyrning rofni við upphafsáðgerðir Samkeppniseftirlitsins vegna rannsókna máls, annaðhvort við tilkynningu til aðila um upphaf rannsókna á meintu broti eða þegar framkvæmd er leit á starfsstöð fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Einnig er skýrt tekið fram að rof fyrningarrests hafi réttaráhrif gagnvart öllum fyrirtækjum sem staðið hafa að því broti sem rannsóknin beinist gegn.

Heimild til sáttar lögfest með skýrum hætti

Bætt er við nýrri grein, 17. gr. a, þar sem mælt er fyrir um heimildir til handa Samkeppniseftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Áður var ekki sérstaklega mælt fyrir um þetta í samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið hefur hins vegar nýtt sér ólögfesta heimild til að ljúka málum með sátt með góðum árangri, m.a. í samrunamálum. Þótti lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt stuðla að auknu gagnsæi og styrkingu heimildarinnar. Gert er ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið geti lokið máli með sátt jafnt í samrunamálum, í málum er varða brot gegn ákvæðum laganna og þegar um er að ræða brot gegn ákvörðunum þess. Sáttir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds, heldur er gildistaka þeirra háð samþykki allra. Hins vegar eru þær bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni og geta því fylgt viðurlög að brjóta gegn ákvæðum sáttarinnar.

Með þessum breytingum hefur verið stigið mikilvægt skref í átt að skilvirkri og gegnsæri stjórnslu hvað varðar viðurlög vegna brota á samkeppnislögum. Var lagt upp með að skýra og einfalda þær reglur sem gilda þannig að það eigi að teljast ljóst hvaða afleiðingar geta hlotist af ólögmeitri háttsemi og hvaða málsmeðferð slíki háttsemi hljóti. Jafnframt hefur verið reynt að haga reglunum þannig að hver sá sem verður áskynja um brot eða hefur gerst þátttakandi í slíku broti ætti að geta séð ávinningin af því að starfa með yfirvöldum í því skyni að upplýsa og uppræta samkeppnislaga brot.

1. mgr. 37. gr.

Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn:

a. banni skv. 10. eða 12. gr.,

b. banni skv. 11. gr.,

c. fyrirmælum samkeppnisfirvalda á grundvelli 14. gr.,

d. skilyrðum sem samkeppnisyfirlit hafa sett fyrir veitingu undanþágu á grundvelli 15. gr.,

e. ráðstöfunum, aðgerðum eða bráðabirgðaákvörðunum á grundvelli 16. gr.,

f. íhlutun, fyrirmælum eða skilyrðum samkeppnisfirvalda á grundvelli 1., 5. og 6. mgr. 17. gr.,

g. tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr.,

h. sátt milli Samkeppniseftirlitsins og aðila, sbr. 17. gr. a,

i. skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr.,

j. banni skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins.






skýrari reglur

Samskipti við lögmennt – skýrari reglur

Samkeppniseftirlitið setti sér málsmeðferðarreglur haustið 2005 með það að markmiði að styðja við markvissa vinnslu mála. Ólíkt því sem áður var getur Samkeppniseftirlitið nú vísað frá málum sem eru vanreifuð og hefur betri stjórn á því hvaða mál eru tekin til rannsóknar. Samhliða hefur einstaklingum og fyrirtækjum verið opnuð einföld leið til að koma á framfæri ábendingum á heimasíðu eftirlitsins, undir nafni eða nafnlaust. Breytingarnar hafa m.a. haft það í för með sér að vaxandi hluti mála, sem til rannsóknar, er hefur verið tekinn upp að frumkvæði Samkeppniseftirlitsins.

Með sömu markmiði að leiðarljósi kynnir Samkeppniseftirlitið nú breytingar á málsmeðferðarreglunum sem miða einkum að því að setja samskipti við lögmennt í fastari farveg og undirstrika ábyrgð þeirra og fyrirtækja sem þeir starfa fyrir við vinnslu mála.

Umræddar breytingar eru settar fram að fenginni reynslu síðustu missera. Þannig hafa komið upp tilvik þar sem fyrirsvar lögmannta hefur breyst við vinnslu máls án þess að tryggilega hafi verið frá því greint og meiningarmunur komið fram um til hvaða fyrirtækja umboð lögmannta hefur náð í tilteknum tilvikum. Enn fremur hefur komið upp tilvik þar sem aðild að máli var hafnað af lögmannti og viðkomandi fyrirtæki þrátt fyrir löng og athugasemdalaus samskipti af þeirra hálfu við Samkeppniseftirlitið undir rannsókn málsins.



◀ Helstu breytingar eru þessar:

Framvísa þarf skriflegu umboði

Feli aðili máls lögmannti að annast fyrirsvar í máli fyrir sína hönd þarf hann eftirleiðis að framvísa yfirlýsingu um umboð til handa viðkomandi lögmannti sem undirrituð er af þar til bærum fyrirsvarsmanni fyrirtækisins og viðkomandi lögmannti.

Umboðið nær til allra félaga innan viðkomandi samstæðu

Nema annað sé sérstaklega tekið fram nær umboð lögmannt til allra félaga innan viðkomandi fyrirtækjasamstæðu ef um fyrirtækjasamstæðu er að ræða.

Tilkynna þarf um breytingar á umboði

Aðila máls og lögmannti ber án tafar að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um hvers konar breytingar á fyrirsvari aðila eða umboði lögmannt.

Tilkynna þarf um breytingar á aðild

Telji aðili máls að breytingar, sem átt hafa sér stað undir rekstri málsins, t.d. á eignarhaldi hans, geti haft áhrif á aðild hans að málinu skal tilkynna um þær án tafar.

Samkeppniseftirlitið getur ákveðið að hafa milliliðalaus samskipti við aðila máls

Þrátt fyrir umboð lögmannt getur Samkeppniseftirlitið átt milliliðalaus samskipti við aðila máls. Þannig getur t.d. verið óhjákvæmilegt við vinnslu máls að funda með forstjóra viðkomandi fyrirtækis eða beina til hans bréfum. Í þessum tilvikum sendir Samkeppniseftirlitið afrit formlegra erinda jafnframt til lögmannt aðila. Enn fremur eru milliliðalaus samskipti höfð við aðila máls ef yfirlýsingu um umboð lögmannt er áfátt.

Yfirlýsing um umboð þarf að fylgja formlegum erindum

Feli sá sem beinir erindi til Samkeppniseftirlitsins lögmannti að annast fyrirsvar í málinu fyrir sína hönd skal yfirlýsing um umboð til handa viðkomandi lögmannti fylgja erindinu. Að öðrum kosti getur Samkeppniseftirlitið hafnað því að taka erindið til umfjöllunar.

Í yfirlýsingunni skal staðfest að aðili máls og lögmaður hafi m.a. kynnt sér skilning Samkeppniseftirlitsins á óskilyrtu umboði lögmannt og áskilnað um tafarlausu tilkynningu um breytingu á fyrirsvari eða aðild.

Framangreindar breytingar taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum á næstunni. Sjá nánar heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.

Getur Samkeppniseftirlitið staðið undir væntingum um málshraða?

Öðru hverju er málshraði í Samkeppniseftirlitinu gerður að umtalsefni. Umræðan endurspeglar það hversu mikilvæg verkefni Samkeppniseftirlitsins eru og þær væntingar sem til þess eru gerðar.

Í öllu starfi Samkeppniseftirlitsins er stuðlað að því að saman fari skilvirkni og réttar úrlausnir en hvort tveggja er forsenda fyrir góðri framkvæmd samkeppnislaga. Þannig reynir Samkeppniseftirlitið að standa undir væntingum um málshraða. Mikilvægt er hins vegar að væntingarnar séu málefnalegar og byggðar á skilningi á viðfangsefninu.

Hvað er ásættanlegur málshraði?

Það liggur í hlutarins eðli að viðunandi afgreiðslutími stjórnslumála er sá tími sem það tekur stjórnvald að afla gagna, uppfylla rannsóknarskyldu sína, gæta andmælaréttar og annarra ákvæða stjórnslulaga og að lokum taka efnislega rétta ákvörðun án þess að óeðlilegar tafir verði á málsmeðferðinni. Það ræðst svo af eðli og umfangi hvers máls hver afgreiðslutíminn er.

Hjá Samkeppniseftirlitinu eru að jafnaði til meðferðar um 80 til 120 stjórnslumál. Hér er um er að ræða athuganir af ýmsu tagi eða erindi sem beint hefur verið til Samkeppniseftirlitsins um efni sem varðað geta við samkeppnislög. Hér eru ekki meðtaldar margvíslegar ábendingar, fyrirspurnir eða umsagnarbeiðnir sem stofnuninni berast.

Hvernig gengur Samkeppniseftirlitinu?

Mikil málavelta er hjá Samkeppniseftirlitinu. Þannig má nefna að á árinu 2006 lauk Samkeppniseftirlitið 104 stjórnslumálum en tók upp 106.

Meðaltímalengd málsmeðferðar vegna ákvarðana, sem birtar voru á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins á síðasta ári, var átta mánuðir. Um 60% þessara mála lauk á innan við fjórum mánuðum.

Samkeppniseftirlitið fylgist m.a. með því hve lengi mál eru til meðferðar hjá eftirlitinu. Eins og meðfylgjandi myndir sýna voru um 46% mála, sem í gangi voru á miðju ári 2006, hálfis árs gömul eða yngri en 55% á miðju ári 2007. Um 21% mála á miðju ári 2006 voru á bilinu hálfis árs til eins og hálfis árs gömul en voru tæplega 25% á miðju ári 2007. Mál eldri en eins og hálfis árs voru 33% af heildar málafjölda á miðju ári 2006 en voru tæplega 21% á miðju ári 2007. Af þessu má draga þá ályktun að aldursamsetning mála er að færast í betra horf en þá er einkum átt við að hlutfallslega færri mál eru eins og hálfis árs eða eldri nú en fyrir ári og hlutfall yngri mála að sama skapi hærra.

Eins og vikið var að hér að framan ræðst það af eðli og umfangi hvers máls hver afgreiðslutíminn er. Þannig hefur þýðingu hversu vel mál eru undirbúin, hve margir aðilar eru, hversu greiðlega þeir veita upplýsingar og hvaða almenna afstöðu lögmenn þeirra

hafa til framgangs málsins. Einnig hefur þýðingu hversu flókið rekstrarumhverfi er á þeim markaði sem til skoðunar er og hvaða fordæmi liggja til grundvallar. Miklu máli skiptir hversu viðamikil gögn eru.

Þá skiptir máli hvort forgangsraða þarf öðrum málum en það þarf jafnan að gera þegar samrunamál koma til meðferðar vegna lögbundins tímafrests. Töluverðar sveiflur geta því verið í málshraða milli ára.


Stuðlar löggjöf að hraðri málsmeðferð?

Oft gleymist í umræðu um málshraða að stjórnvöld þurfa að fylgja ströngum reglum stjórnslulaga um rannsókn máls, leiðbeiningarskyldu, andmælarétt o.fl. Meinbugir á meðferð máls geta leitt til ógildingar á ákvörðun. Augljóst er að vönduð málsmeðferð getur verið tímafrek. Þetta á ekki síst við um úrlausn samkeppnismála. Ákvarðanir samkeppnisfyrvalda geta varðað mikla hagsmuni brotlegra fyrirtækja og gerðar eru strangar kröfur til málsmeðferðar og rökstuðnings Samkeppniseftirlitsins. Það flýtir heldur ekki fyrir að álitaefni sem fjallað er um í samkeppnismálum geta verið talsvert flókin.

Samkeppniseftirlitið stendur undir þeim kröfum um málsmeðferð, sem til þess eru gerðar, með því að setja sér og fylgja ítarlegum reglum um málsmeðferð. Með málsmeðferðarreglum, sem settar voru haustið 2005, hefur t.d. tekist að skapa málum skýrari og greiðari farveg með því að gera ríkari kröfur til aðsendra kvartana og vísa málum frá ef þeim kröfum er ekki fylgt. Þetta hefur leitt til meiri skilvirkni. Samkeppniseftirlitið kynnir nú frekari breytingar á reglunum til að mæta enn betur þeim kröfum sem til þess eru gerðar. Einnig standa vonir til þess að nýsamþykktar breytingar á samkeppnislögum stuðli að skilvirkari upplýsingagjöf frá fyrirtækjum en allt of oft hefur komið fyrir að mál teyfjast vegna ófullnægjandi upplýsinga frá fyrirtækjum.

Ekki þarf að fjölyrða um að kröfur um vandaða stjórnslumeðferð hafa bein áhrif á málshraða. Þar við bætist að samkvæmt núgildandi samkeppnislögum hefur Samkeppniseftirlitið ekki heimild til að bera úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála undir dómstóla. Þetta fyrirkomulag vinnur gegn skilvirkni í rekstri mála.

Að mati Samkeppniseftirlitsins þarf að huga betur að því lagaumhverfi sem Samkeppniseftirlitið og stjórnslan almennt býr við með það í huga að auka skilvirkni og flýta málsmeðferð.





Í erlendu samstarfi

Samkeppniseftirlitið kappkostar að vera virkur þátttakandi í erlendu samstarfi. Markmið samstarfsins er að efla tengsl við samkeppnisyrfirvöld í nágrannaríkjum í því skyni að miðla og afla þekkingar á viðfangsefnum eftirlitsins. Jafnframt lýtur samstarfið að því að rannsaka og bregðast við álitaeftum í samkeppnisrétti.



Reglubundið samstarf

Eftirlitið tekur þátt í reglubundnu norrænu samstarfi en forstjórar eftirlitanna hittast reglulega auk þess sem vinnuhópar eru settir á laggirnar til að fjalla um tiltekin svið samkeppnismarkaðar. Á Evrópuvettvangi tekur Samkeppniseftirlitið þátt í samstarfi á grundvelli EES-samstarfsins og samstarfi evrópskra samkeppnisyrfirvalda. Um er að ræða samstarf á vettvangi EFTA, Evrópusambandsins og ECA (European Competition Authorities). Þá er Samkeppniseftirlitið þátttakandi í umfjöllun OECD um samkeppnismál og er aðili að alþjóðlegum samtökum samkeppniseftirlita (ICN, International Competition Network).

Skýrsla um norrænan bankamarkað

Í ágúst 2006 kynnti Samkeppniseftirlitið skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna um samkeppni á norrænum viðskiptabankamörkuðum. Í skýrslunni er fjallað um þróun og samþjöppun á norrænum bankamarkaði árin 1995 til 2004 með sérstöku tilliti til þjónustu við heimili og lítil og meðalstór fyrirtæki. Fjallað er um aðgang nýrra banka að greiðsluferfum sem nauðsynleg eru fyrir almenna bankastarfsemi, fyrirkomulag á greiðslukortamarkaði landanna og hreyfanleika viðskiptavina milli viðskiptabanka, þ.e. í hve miklum mæli viðskiptavinir færa viðskipti sín á milli banka.

Samhliða kynnti Samkeppniseftirlitið áherslur sínar á íslenskum markaði með vísan til hinnar

norrænu skýrslu. Skýrslan og umfjöllun um hana er aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.

Haustið 2006 ákváðu norrænu samkeppniseftirlitin að rannsaka í sameiningu norrænan raforkumarkað. Skýrsla um það er væntanleg.

Ráðstefna um fákeppni í smærri hagkerfum

Í byrjun apríl 2006 stóð Samkeppniseftirlitið fyrir ráðstefnu á Nordica hóteli sem haldin var í framhaldi af árlegum fundi forstjóra norrænna samkeppniseftirlita. Ráðstefnan fór fram á ensku og var vel sótt en yfirskrift hennar var „fákeppni í smærri hagkerfum“. Fjallað var m.a. um hvort þörf væri á strangari samkeppnisreglum í smærri hagkerfum þar sem samþjöppun er mikil og fákeppni algeng, hvort brjóta þurfi upp markaðsráðandi fyrirtæki, hvort krosseignarhald fyrirtækja sé vandamál og hver séu árangursríkustu tæki stjórnvalda til að takast á við afleiðingar aukinnar fákeppni. Frummælendur voru John Kallaugher, lögmaður og gestaprófessor við University College London, og Friðrik Már Baldursson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Auk þeirra fluttu erindi forstjórar samkeppniseftirlitanna í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. Erindi og glærur má finna á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.

Þátttaka í alþjóðlegri umræðu um samkeppnismál

Til viðbótar við margvíslega þátttöku í reglubundnu samstarfi tekur Samkeppniseftirlitið virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um samkeppnismál. Þannig var forstjóri Samkeppniseftirlitsins frummælandi á ráðstefnu samkeppniseftirlita Eystrasaltslandanna um samkeppnismál í október 2006 og flutti ræðu á alþjóðlegri ráðstefnu í Stokkhólmi um áhrif upplýsingamiðlunar á samkeppni sem haldin var af sænska samkeppniseftirlitinu í nóvember sama ár.

Mál til meðferðar á árinu 2006

Á árinu 2006 var stofnað til rúmlega 100 stjórnslumála hjá Samkeppniseftirlitinu. Rúmlega 100 mál voru jafnframt til lykta leidd hjá stofnuninni á árinu. Þannig voru álíka mörg mál til meðferðar í upphafi ársins, eða 75, og í lok ársins, eða 77 mál. Mál voru hvað flest til meðferðar í maímánuði, eða 115 mál, en þeim fækkaði síðan á síðari hluta ársins. Á þessu sést að málavelta Samkeppniseftirlitsins er talsvert mikil.

Tafla 1: Málframvinda á árinu 2006

Mál til meðferðar í upphafi árs	75
Mál til meðferðar í lok árs	77
Mál stofnuð á árinu	106
Málum lokið á árinu	104
Málum lokið með ákvörðun á heimasíðu	52

Taka ber fram að hér eru einungis talin stjórnslumál sem lúta með einum eða öðrum hætti að atvikum í atvinnulífinu. Hér eru til dæmis ekki meðtaldar óformlegar ábendingar, samskipti við stjórnvöld, s.s. við ráðuneyti eða Alþingi, eða þátttaka í erlendu samstarfi.

Málum lýkur ekki alltaf með ákvörðun á heimasíðu

Af þeim rúmlega 100 málum, sem lokið var á árinu 2006, lauk 52 þeirra með ákvörðun birtri á heimasíðu. Um helmingi stjórnslumála hjá stofnuninni lauk því án þess að ákvörðun væri birt opinberlega. Ýmsar skýringar eru á þessu. Í fyrsta lagi hefur Samkeppniseftirlitið í ríkari mæli en áður vísað formlegum kvörtunum frá vegna þess að þær uppfylla ekki skilyrði málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins um form eða efni. Í öðru lagi eru ákvarðanir að jafnaði ekki birtar ef þær varða ekki beint túlkun samkeppnisréttar, svo sem ákvarðanir um afhendingu gagna. Í þriðja lagi hefur það gerst að lausn finnst á málum eftir stutta málsmeðferð og ekki þygi tilefni til þess að birta niðurstöðuna í formlega birtri ákvörðun. Í fjórða lagi kemur það fyrir að kvartanir eru dregnar til baka eða athuganir lagðar niður án þess að til formlegra birtrar ákvörðunar komi. Þá getur málum lokið að öðru leyti án þess að til endanlegrar stjórnsluákvörðunar komi.

Fjöldi þingmála kemur til umsagnar

Yfir 30 þingmál komu til umsagnar Samkeppniseftirlitsins á árinu. Nefna má í því sambandi frumvarp um fjölmiðla og frumvarp um breytingar á lögum á orkusviði þar sem Samkeppniseftirlitið lagðist í umsögn sinni gegn tillögum um að færa eignarhald á Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða undir Landsvirkjun.

Ábendingar auðvelda eftirlit

Ábendingar þeirra sem starfa á samkeppnismörkuðum til Samkeppniseftirlitsins eru mikilvægar og oft og tíðum tilefni og

grundvöllur athugana. Í apríl 2006 hóf Samkeppniseftirlitið að taka á móti ábendingum um samkeppnislagabrot á heimasíðu sinni. Í tengslum við það eru ábendingar skipulega skráðar og yfirfarnar. Frá apríl til ársloka 2006 bárust Samkeppniseftirlitinu rúmlega 30 ábendingar með þessum hætti. Flestar þeirra vörðuðu fjarskipti og fjölmiðlun, neyslu- og rekstrarvörur (einkum matvörumarkað) og samgöngur og ferðamál.

Tafla 2: Skipting ábendinga um samkeppnislagabrot á markaði á tímabilinu apríl til ársloka 2006:

Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun	24%
Neyslu- og rekstrarvörur (matvörumarkaður)	21%
Sérfræðipjónusta og önnur þjónusta	20%
Samgöngur og ferðamál	15%
Fjármálaþjónusta	12%
Annað	8%

Ákvarðanir og álit sem birt eru opinberlega

Samkeppniseftirlitið birti 52 ákvarðanir og tvö álit á heimasíðu sinni á árinu 2006. Var um talsverða fjölgun að ræða frá fyrri árum en opinberlega birtar ákvarðanir í samkeppnismálum voru 29 á árinu 2005. Samrunamál eru áberandi í þeim hópi en taka ber fram í þessu sambandi að allar ákvarðanir í samrunamálum eru birtar á heimasíðunni. Setti fjöldi og umfang samrunamála meðferð annarra mála úr skorðum á tímabili.

Tafla 3: Ákvarðanir og álit birt á heimasíðu á árinu 2006

Tegund máls	Fjöldi mála	% af heild	Þar af íhlutun*	% af tegund máls
Samrunamál	30	58	7	23
Ólögmeitt samráð	11	21	10	91
Misnotkun á markaðráðandi stöðu	7	13	4	57
Opinberar samkeppnishömlur	4	8	1	25
Samtals	52	100	22	42
Álit	2			

*Með íhlutun er átt við ákvörðun um brot, sektir, ógildingu samruna eða fyrirmæli um aðgerðir.

Framangreindar ákvarðanir fjalla um fjölmörg svið atvinnulífsins. Ákvarðanir, sem varða neyslu- og rekstrarvörur, voru 17 en þar undir falla mál á matvörumarkaði, bókamarkaði, lyfjamarkaði o.fl. Ákvarðanir, er varða samgöngur og ferðamál, voru níu talsins og átta ákvarðanir fjalla um fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun.

Tafla 4: Skipting opinberlega birtra ákvarðana og álita á árinu 2006 eftir sviðum atvinnulífsins.

Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun	8
Neyslu- og rekstrarvörur (matvörumarkaður)	17 (1)*
Sérfræðipjónusta og önnur þjónusta	5
Samgöngur og ferðamál	9
Fjármálaþjónusta	7
Mennta- og menningarmál	4 (1)
Umhverfismál	1
Orkumál	1
Samtals	52 (2)

* Innan sviga eru álit.

Mikilvægustu ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins á árinu 2006

Samrunamál – sjö íhlutanir

Ákvarðanir í samrunamálum voru 30 talsins eða tæplega 60% af þeim ákvörðunum sem birtar eru á heimasíðu. Þar af ógilti Samkeppniseftirlitið tvo samruna og samþykkti fimm samruna með skilyrðum. Aðrir samrunar, 23 talsins, voru samþykktir án athugasemda.

Af framangreindum sjö samrunum, sem sættu íhlutun, voru þrjú á mörkuðum fyrir fjarskipti-, upplýsingatækni eða fjölmiðlun, einn á lyfjamarkaði, einn á fódur- og áburðarmarkaði, einn á bókamarkaði og einn á raforkumarkaði.

Samkeppniseftirlitið ógilti kaup DAC ehf. sem er innan sömu fyrirtækjasamtæðu og Lyf og heilsa hf. annars vegar og Lyfjavers ehf. hins vegar. Var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn myndi leiða til styrkingar á sameiginlegri markaðsráðandi stöðu Lyfja og heilsu og Lyfju hf. á markaði fyrir smásölu og markaði fyrir skömmtum lyfja fyrir stofnanir og að þessir aðilar gætu í krafti stöðu sinnar takmarkað samkeppni á þessum mörkuðum. Til grundvallar niðurstöðunni liggur það mat Samkeppniseftirlitsins að Lyf og heilsa og Lyfja hafi sameiginlega verið í markaðsráðandi stöðu. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er að finna ítarlega greiningu á lyfjamarkaði. Ákvörðunin var staðfest af áfrýjunarnefnd.

Samkeppniseftirlitið ógilti einnig kaup Dagsbrúna hf. á Senu ehf. á þeim grundvelli að samruninn myndi styrkja markaðsráðandi stöðu beggja félaganna á ýmsum mörkuðum fjölmiðlunar og afþreyingar og að í krafti þeirrar stöðu geti félögin skaðað samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Enn fremur taldi eftirlitið að staða Dagsbrúna og Haga myndi styrkjast en þessi félög tengdust í gegnum áferráð Baugs Group hf. Áfrýjunarnefnd felldi hins vegar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi á þeirri forsendu að andmælaréttar allra aðila hefði ekki verið gætt með nægjanlegum hætti. Samruninn komst því til framkvæmda án þess að mati Samkeppniseftirlitsins á neikvæðum áhrifum samrunans væri hnekk.

Í fimm tilvikum voru samrunar samþykktir með skilyrðum eins og áður sagði.

- Samruni Saga film hf. og Storm ehf. var samþykktur á grundvelli skilyrða sem eftirlitið hafði sett fyrir samruna Saga film og 365 ljósvakamiðla ehf. á árinu 2005 en m.a. var kveðið á um fullan

stjórnunarlegan og rekstrarlegan aðskilnað milli fyrirtækjanna.

- Samruni Dagsbrúna hf. og Securitas hf. var samþykktur með skilyrðum um skýra aðgreiningu í þjónustu og verðlagningu á þjónustu félaganna.
- Samruna Kaupfélags Skagfirðinga og Áburðarverksmiðjunnar hf. við Fóðurbliðnduna hf. og Bústólpa ehf. voru sett skilyrði sem m.a. tóku til aðgreiningar á sölu og þjónustu á fódur- og áburðarmarkaði.
- Samruna DM ehf. og Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. voru sett skilyrði en sameinað fyrirtæki er að miklu leyti í eigu sömu aðila og eiga Pennann hf. og er fyrirtækið leiðandi í dreifingu á bókum, tímaritum, ritföngum og skrifstofuvörum. Skilyrðunum var m.a. ætlað koma í veg fyrir flæði upplýsinga milli DM og Pennans og skapa jafnræði með þeim sem starfa á mörkuðum fyrir bóka-, tímarita- og ritfangasölu.
- Stofnun Orkusölnunnar ehf. var samþykkt með því skilyrði að Landsvirkjun seldi hlut sinn í fyrirtækinu en það var stofnað af Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og fól í sér samruna í skilningi samkeppnislaga.

Misnotkun á markaðsráðandi stöðu – sektum beitt í tveimur málum.

Samkeppniseftirlitið tók á árinu sjö ákvarðanir er vörðuðu bannákvæði 11. gr. samkeppnislaga um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í fjórum tilvikum var um íhlutun að ræða. Í tveimur tilvikum lagði Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á hin brotlegu fyrirtæki, samtals 145 m.kr.

Samkeppniseftirlitið lagði 80 m.kr. stjórnvaldssekt á Flugþjónustuna á Keflavíkurflugvelli (IGS). Fyrirtækið, sem var dótturfyrirtæki FL Group hf., hafði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að gera 10 einkakaupasamninga við flugfélög sem lenda á Keflavíkurflugvelli og með því að gera flugfélaginu LTU samkeppnishamlandi tilboð um flugafgreiðslu. Samkeppnisfyrirvöld höfðu á árinu 2005 tekið bráðabirgðaákvörðun vegna sama máls. Áfrýjunarnefnd staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að öðru leyti en því að stjórnvaldssektirnar voru lækkaðar úr 80 m.kr. í 60 m.kr. Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli höfðaði í framhaldinu mál gegn Samkeppniseftirlitinu til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar. Málið er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samkeppniseftirlitið lagði 65 m.kr. stjórnvaldssekt á Skífuna ehf. (Dag Group). Skífan hafði gert samninga við Hagkaup um sölu á hljómdiskum og tölvuleikjum sem fólu í sér einkakaup og samkeppnishamlandi afslætti. Með samningunum voru keppnautar í heildsölu nánast útilokaðir frá viðskiptum við Hagkaup. Skífan hafði áður gerst brotleg með sambærilegum hætti árið 2001. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Í framhaldinu var Samkeppniseftirlitinu stefnt til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar. Málið er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þá komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Osta- og smjörsalan sf. hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína gagnvart Mjólku ehf. þegar fyrirtækið seldi Mjólku mjólkurduft til framleiðslu á fetaosti á herra verði en öðru fyrirtæki í ostaframleiðslu. Í tengslum við mál þetta gerði Samkeppniseftirlitið athugun á samkeppnisstöðu Mjólku gagnvart afurðastöðvum í mjólkuriðnaði og beindi álit þar um til landbúnaðarráðherra.

Ólögmeitt samráð

Samkeppniseftirlitið tók á árinu 11 ákvarðanir er vörðuðu bannákvæði 10. gr. eða ákvörðun um undanþágur frá ólögmeitu samráði skv. 15. gr. samkeppnislaga. Í 10 tilvikum var um íhlutun að ræða, þ.e. niðurstaða um ólögmeitt samráð eða undanþágu frá ólögmeitu samráði með skilyrðum. Í einu tilvikum lagði Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssekt á hinn brotlega aðila.

Samkeppniseftirlitið tók þá ákvörðun að hætta afskiptum af ökutöxtum leigubifreiða en Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra hafði um margra ára skeið gefið út hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðar eftir að hafa hlotið til þess samþykki samkeppnisfyrivalda. Í ákvörðuninni fólst m.a. að óheimilt var að hafa samráð eða samvinnu um ökutaxta og önnur verðlagsmál í leigubifreiðaakstri. Í framhaldinu óskuðu fjórar leigubifreiðastöðvar eftir undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlega verðskrá fyrir bifreiðastjóra viðkomandi stöðva. Voru undanþágur veittar til eins árs og bundnar tilteknum skilyrðum.

Samkeppniseftirlitið veitti tímabundna undanþágu vegna

samstarfs banka og sparisjóða um kaup, uppsetningu og rekstur svonefndra auðkennislykla (Todos). Tekur undanþágan einungis til nauðsynlegra þátta sem tengjast innleiðingu á umræddum öryggisbúnaði. Á hinn bóginn hafnaði Samkeppniseftirlitið undanþágubeiðni Sambands íslenskra tryggingafélaga, vegna sameiginlegs útboðs tryggingafélaganna á flutningum tjónabifreiða af vettvangi.

Þá má nefna að Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Félag íslenskra hljómlistarmanna hefði brotið gegn bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga með gerð og birtingu samræmdrar gjaldskrár fyrir organistadeild félagsins. Sættist félagið á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000. Í framhaldinu óskaði félagið eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga til að gefa út gjaldskrá fyrir organistadeild félagsins. Var hún veitt með þeirri takmörkun að hún myndi aðeins gilda um þóknun fyrir organleik sem fram fer við útför og kistulagningu.

Opinberar samkeppnishömlur

Samkeppniseftirlitið tók fjórar ákvarðanir er varða opinberar samkeppnishömlur á árinu. Þar af var íhlutun beitt í einu tilviki. Einnig beindi Samkeppniseftirlitið í tveimur tilvikum álit til ráðherra um opinberar samkeppnishindranir.

Þeim tilmælum var m.a. beint til landbúnaðarráðherra að hann beitti sér fyrir breytingum á ákvæðum búvörulaga sem heimila afurðastöðvum í mjólkuriðnaði samráð og samruna sín á milli án tillits til samkeppnislaga og að hann beitti sér fyrir því að fella niður tolla á mjólkurdufti. Álitid kom í kjölfar athugunar á samkeppnisstöðu Mjólkur ehf. gagnvart keppinautum sínum.

Samkeppniseftirlitið mælti fyrir um fjárhagslegan aðskilnað hjá Námsgagnastofnun milli þess hluta reksturs sem var í samkeppni, annar vegar, þ.e. sólu á náms- og kennslugögnum á almennan markað, og hins vegar þeirri starfsemi sem tengist því lögbundna hlutverki að sjá grunnskólum landsins fyrir náms- og kennslugögnum. Jafnframt beindi Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til menntamálaráðherra að hann beitti sér fyrir því að laga- og reglugerðarumhverfi Námsgagnastofnunar yrði tekið til skoðunar með hliðsjón af markmiði og ákvæðum samkeppnislaga. Það var og gert, sbr. ný lög um námsgögn.

Hér á eftir fer yfirlit yfir allar ákvarðanir og álit Samkeppniseftirlitsins á árinu 2006 sem birtar eru opinberlega.

Ákvarðanir

Samruni Kynnisferða ehf. og S.B.K. hf.

Númer máls: 1/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning vegna samruna Kynnisferða ehf. og S.B.K. hf. Samkeppniseftirlitið taldi samrunann ekki hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

Kaup Vátryggingafélags Íslands hf. á Öryggismiðstöð Íslands hf.

Númer máls: 2/2006

Atvinnuvegir: Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Vátryggingafélags Íslands hf. á hlutum í Öryggismiðstöð Íslands hf. Samkvæmt tilkynningunni var markmið kaupanna að efla starfsemi Vátryggingafélags Íslands hf. á sviði öryggisþjónustu. Samkeppniseftirlitið taldi samrunann ekki hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

Kaup Gera ehf. á ráðandi hlut í Kornax ehf.

Númer máls: 3/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Gera ehf., móðurfélags Mjólkurfélags Reykjavíkur hf., á hlutum Föðurlöndunnar hf. og danska fyrirtækisins Valsemøllen A/S í Kornax ehf. Samkvæmt tilkynningunni var markmið kaupanna m.a. að losa Kornax undan þeim takmörkunum sem sameiginlegt eignarhald Mjólkurfélags Reykjavíkur og Föðurlöndunnar setti rekstri þess. Samkeppniseftirlitið taldi samrunann ekki hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

Afnám á hámarkstöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út

Númer máls: 4/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Ólögmeitt samráð

Niðurstaða: Íhlutun

Kæra til áfrýjunar: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 2/2006)

Ágrip: Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra, BÍLS, hafði um margra ára skeið gefið út hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðar eftir að hafa hlotið til þess samþykki samkeppnisyrivalda (áður verðlagsyrivalda). Að mati Samkeppniseftirlitsins felst viss þversögn í því að samkeppnisyrivöld ákveði eða hafi bein afskipti af verðákvörðunum fyrirtækja á tilteknum mörkuðum enda er verðsamráð fyrirtækja og annað samkeppnishamlandi samstarf þeirra bannað í samkeppnislögum. Tók stofnunin því ákvörðun um að hætta afskiptum af ökutöxtum leigubifreiða frá 1. maí 2006. Frá og með þeim degi er hverjum þeim sem reka leigubifreiðar, félögum leigubifreiðastjóra og leigubifreiðastöðvum óheimilt að hafa hvers kyns samráð og samvinnu um ökutaxta og önnur verðlagsmál í leigubifreiðaaakstri.

Ólögmeitt samráð innan Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna útgáfu gjaldskrár fyrir organistadeild félagsins

Númer máls: 5/2006

Atvinnuvegir: Mennta- og menningarmál

Efni máls: Ólögmeitt samráð

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppnisyrivöld ákváðu að taka til athugunar gerð og birtingu samræmdrar gjaldskrár Félags íslenskra hljómlistarmanna fyrir organistadeild félagsins. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að gjaldskrá sem þessi fæli í sér verðsamráð og vísar m.a. til þess að þar sem gjaldskráin sé til þess fallin að hafa áhrif á verðlagningu keppinauta, án tillits til þess hvort hún sé leiðbeinandi eða bindandi, sé hún óheimil. Bent var á að það sé grundvöllur samkeppni að keppinautar taki sjálfstæða ákvörðun um verðlagningu vöru sinnar eða þjónustu. Var Félag íslenskra hljómlistarmanna því talið brotlegt gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga sættist félagið á að greiða stjórnvaldssekt að upphæð eitt hundrað þúsund krónur.

Kaup Saga film hf. á Storm ehf.

Númer máls: 6/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Saga film hf. hefði keypt allt hlutafé í Storm ehf. Meginstarfsemi Saga film og Storm felst í framleiðslu á dagskrárefni fyrir sjónvarp og auglýsingum auk þess sem fyrirtækin sinna einnig skyldri starfsemi eins og t.d. leigu á tækjum og atburðastjórnun. Sá samruni sem hér um ræðir tengist nokkuð kaupum 365 ljósvakamiðla ehf. á Saga film en fjallað var um þann samruna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005. Í því máli var niðurstaðan sú að staða Saga film á þeim markaði, sem fyrirtækið starfaði á, væri mjög sterk og jafnframt var talið að staða 365 ljósvakamiðla á hételendum sjónvarpsmarkaði væri sterk en fyrirtækið hefur m.a. yfir að ráða miklu af eftirsóknarverðu efni fyrir sjónvarpsáhorfendur. Þessi lóðréttu tengsl á milli þessara tveggja öflugu fyrirtækja á þeim mörkuðum, sem þau starfa á, voru talin leiða til þess að staða

minni fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum veiktist auk þess sem möguleikar nýrra aðila til að komast inn á markaðina yrðu torveldari. Samrunanum voru því sett ítarleg skilyrði þar sem m.a. er kveðið á um fullan rekstrarlegan og stjórnunarlegan aðskilnað milli fyrirtækjanna. Samkeppniseftirlitið taldi hins vegar að þrátt fyrir að Saga film myndi við yfirtökuna á Storm styrkja stöðu sína á þeim mörkuðum, sem fyrirtækið starfar á, væri ekki næg ástæða til að grípa til íhlutunar umfram þau skilyrði sem samruna Saga film og 365 ljósvakamiðla voru sett í áður nefndri ákvörðun. Var tekið fram að Samkeppniseftirlitið myndi hafa sérstakt eftirlit með því að þau skilyrði yrðu virt að öllu leyti.

Kaup Pennans hf. á Bókabúð Keflavíkur ehf.

Númer máls: 7/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning þar sem fram kom að Penninn hf. hefði keypt verslunarrekstur Bókabúðar Keflavíkur ehf. Af upplýsingum, sem fram komu í tilkynningunni, er ljóst að samlegðaráhrifa samrunans myndi fyrst og fremst gæta við smásölu á bókum, tímaritum og skrifstofuvörum. Ljóst var að staða Pennans er almennt mjög sterk á þeim sviðum viðskipta. Hins vegar voru samlegðaráhrif samrunans talin óveruleg þar sem Bókabúð Keflavíkur starfar á litlum landfræðilegum markaði þar sem Penninn starfrækir ekki aðrar bóka- eða ritfangaverslanir. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins taldi Samkeppniseftirlitið samrunann ekki hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

Kaup Kvosar ehf. á Skólavörubúðinni ehf.

Númer máls: 8/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Kvos ehf., sem m.a. á Prentsmiðjuna Odda hf. og Odda skrifstofuvörur ehf., hefði keypt allt hlutafé í Skólavörubúðinni ehf. Af upplýsingum, sem fram koma í tilkynningunni, þykir ljóst að við samrunann mun Oddi skrifstofuvörur styrkja stöðu sína á þeim sviðum viðskipta sem eru sala á almennum skrifstofuvörum, s.s. pappír, ritföngum og rekstrarvörum fyrir tölvur. Á hinn bóginn virðist ljóst að samruninn muni ekki hafa skaðleg samkeppnislæg áhrif þar sem helstu keppinautar á sviði heildsölu- og smásölu dreifingar á skrifstofuvörum eru mjög öflug fyrirtæki, s.s. Penninn hf. og Office1 Superstore. Með hliðsjón af þessu sem og öðrum gögnum málsins taldi Samkeppniseftirlitið samrunann ekki hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

Misnotkun Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) á markaðsráðandi stöðu sinni

Númer máls: 9/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Íhlutun

Kæra til áfrýjunar: Ákvörðun staðfest með breytingum (úrskurður í máli nr. 3/2006)

Ágrip: Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu, í kjölfar kvörtunar frá Vallarvinum ehf., að Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli, dótturfélag FL Group hf., hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína við afgreiðslu farþegaflugvéla. Á árinu 2005 hafði verið tekin bráðabirgðaákvörðun í málinu þar sem fram kom að talið væri að Flugþjónustan hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína og voru Flugþjónustunni settar ákveðnar takmarkanir til að tryggja að komið yrði í veg fyrir frekari röskun á samkeppni af hennar hálfu. Í ákvörðun þessari var það síðan staðfest að Flugþjónustan hefði brotið samkeppnislög þegar hún gerði 10 einkakaupasamninga við flugfélög sem lenda á Keflavíkurflugvelli og með því að gera flugfélaginu LTU samkeppnishamlandi tilboð um flugafgreiðslu. Var fyrirtækinu gert að greiða 80 milljóna króna stjórnvaldssekt.

Kvörtun Og fjarskipta hf. (Vodafone) um meinta misnotkun Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á markaði fyrir farsímaþjónustu

Númer máls: 10/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppnisyfirvöldum barst erindi frá Vodafone þar sem því var haldið fram að Landssími Íslands hf. hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína í tengslum við farsímaþjónustu. Í málinu lá fyrir að Vodafone hafði boðið íbúum Akraness sérstakt kynningartilboð á farsímaþjónustu. Skömmu síðar kynnti Landssíminn íbúum Akraness tilboð á farsímaþjónustu. Í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins kom m.a. fram að tilboð fyrirtækjanna væru að ýmsu leyti ólík og að ekki væri unnt að líta svo á að Landsíminn hefði með tilboði sínu undirboðið Vodafone. Taldi Samkeppniseftirlitið ekkert benda til þess að tilgangur tilboðs Landssímans hefði verið að þröngva Vodafone út af markaði fyrir farsímaþjónustu við einstaklinga heldur hefði umrætt tilboð verið þáttur í viðbrögðum fyrirtækisins við tilboði Vodafone. Var það mat Samkeppniseftirlitsins að viðbrögð Landssímans í málinu hefðu verið hófleg og ekki falið í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga. Taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til íhlutunar í málinu.

Endurskoðun skilyrða samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs nr. 39/2003, sbr. ákvörðun nr. 23/2002 sem takmarka beinar markaðsaðgerðir Landssíma Íslands hf. gagnvart viðskiptavinum Dagsbrúnar hf. (Vodafone)

Númer máls: 11/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Um forsögu máls þessa vísast til ákvarðana samkeppnisráðs nr. 39/2003 og nr. 23/2002. Í framangreindum ákvörðunum voru Landssíma Íslands hf. m.a. sett skilyrði um að fyrirtækið myndi ekki beita markaðsaðgerðum sem hefðu það að markmiði að beina einstökum viðskiptavinum keppinauta fyrirtækisins á einstaklingsmarkaði fyrir talsímaþjónustu aftur í viðskipti við fyrirtækið. Voru fyrrnefnd skilyrði til endurskoðunar í þessu máli og tók Samkeppniseftirlitið m.a. til skoðunar hvort þær forsendur, sem lagðar voru til grundvallar í fyrri ákvörðunum samkeppnisráðs, hefðu breyst. Að mati Samkeppniseftirlitsins höfðu aðstæður á íslenskum fjarskiptamarkaði breyst frá töku fyrrnefndra ákvarðana en í því sambandi var t.d. vísað til þess að keppinautar Landssímans hefðu styrkst. Hins vegar taldi Samkeppniseftirlitið að markaðshlutdeild Landssímans á talsímamarkaði bæri enn vott um yfirburðastöðu á umræddum markaði. Vegna stöðu Landssímans á markaði fyrir talsímaþjónustu var því ekki talið að forsendur væru fyrir því að fella niður umræddar takmarkanir.

Erindi Boga Franzsonar vegna meintrar samkeppnislegrar mismununar í skógræktarverkefnum á vegum ríkisins.

Númer máls: 12/2006

Atvinnuvegir: Umhverfismál

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppnisyfirvöldum barst kvörtun frá Boga Franzsyni skógverkræðingi þar sem kvartað var undan styrkjakerfi í landshlutabundnum skógræktarverkefnum á vegum ríkisins. Taldi málshefjandi kerfið hafa þau áhrif að atvinnumöguleikar hans takmarkist. Í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að þrátt fyrir að viss mismunun felist í þeim forgangi til vinnu, sem í verkefnum felast, þá séu heildaráhrif landshlutabundnu verkefnanna jákvæð fyrir markaðinn og því ekki tilefni til aðgerða á grundvelli samkeppnislaga vegna þeirra.

Kaup Fons eignarhaldsfélags hf. á Skeljungu hf.

Númer máls: 13/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Eignarhaldsfélagsins Fons hf. á öllum hlutum í Skeljungu hf. Samkeppniseftirlitið taldi samrunann ekki hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

Beiðni Félags íslenskra hljómlistarmanna um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga til að gefa út gjaldskrá fyrir organistadeild félagsins

Númer máls: 14/2006

Atvinnuvegir: Mennta- og menningarmál

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst beiðni frá Félagi íslenskra hljómlistarmanna um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga fyrir sameiginlega gjaldskrá fyrir organistadeild félagsins. Taldi Samkeppniseftirlitið forsendur til að veita undanþágu á grundvelli ákvæðisins með þeirri takmörkun að gjaldskráin myndi aðeins gilda um þóknun fyrir organleik sem færi fram við útför og eftir atvikum við kistulagningu. Í því sambandi vísaði Samkeppniseftirlitið m.a. til sérstöðu þessara sérathafna miðað við aðrar sérathafnir. Að öðru leyti taldi Samkeppniseftirlitið Félagi íslenskra hljómlistarmanna óheimilt að ákveða og semja um eða á annan hátt fjalla um gjaldskrá fyrir hönd organistaeildar félagsins vegna organleiks við aðrar kirkjulegar sérathafnir, s.s. við giftingu eða skírnrir.

Framlenging á gildistíma hámarksökutaxta sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út vegna beiðnar leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils svf. um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga

Númer máls: 15/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Ólögsmætt samráð

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 kvað á um að hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar, sem gefinn hefur verið út af BÍLS, skyldi falla úr gildi. Þessi ákvörðun var staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Beiðni barst frá leigubifreiðastöðinni Hreyfli um undanþágu fyrir sameiginlegan taxa stöðvarinnar. Í ljósi þess hve seint undanþágubeiðni barst frá Hreyfli var ekki unnt að ljúka nauðsynlegri athugun á erindi Hreyfils fyrir 1. maí 2006 en á þeim degi skyldi hámarksökutaxti BÍLS falla úr gildi. Í því ljósi og með hlöðsón af öflugri stöðu Hreyfils á markaðnum taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að grípa til tímabundinna ráðstafana til að tryggja að sú staða, sem upp var komin, ylli ekki röskun á markaðnum. Ákvað Samkeppniseftirlitið því að framlengja gildistíma hámarksökutaxta BÍLS fyrir leigubifreiðar til 1. júlí 2006 en fyrir þann tíma skyldi Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til beiðnar Hreyfils um undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga.

Kvörtun Radió Reykjavík yfir synjun Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar um gerð afnotaréttarsamnings

Númer máls: 16/2006

Atvinnuvegir: Mennta- og menningarmál

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst kvörtun frá Radió Reykjavík yfir því að Samband tónskálda og eigenda flutningréttar (STEF) neitaði að ganga til samninga við félagið um flutning verndaðra tónverka. Kvartandi krafðist þess að STEF yrði meinað að krefjast tryggingar fyrir efndum á væntanlegum flutningaréttarsamningi. Undir rekstri málsins féllst STEF á að ganga til samninga við Radió Reykjavík á grundvelli viðmiðunargjaldskrár STEF. Hins vegar féllst kvartandi ekki á þessi samningskjör. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að ekki væri hendi synjun STEF um að ganga til samninga við Radió Reykjavík. Í ljósi ofangreinds var ekki talin ástæða til að hafast frekar að í málinu.

Kaup Lyfja og heilsu hf. á hluta af rekstri Apóteks Vestmannaeyja ehf.

Númer máls: 17/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning þar sem fram kom að Lyf og heilsa hf. hefði keypt þann hluta rekstrar Apóteks Vestmannaeyja sem laut að viðskiptavild og lager fyrirtækisins. Eftir athugun málsins taldi Samkeppniseftirlitið að ekki væru forsendur til íhlutunar vegna samrunans. Hins vegar hóf Samkeppniseftirlitið athugun á tildrögum þess að Lyf og heilsa settu á fót lyfjaverslun í Vestmannaeyjum og aðgerðir verslunarinnar til að ná fótfestu á markaðnum þar. Ekki reyndust forsendur til aðgerða í því máli heldur.

Kaup Bílanausts hf. á Olíufélaginu hf.

Númer máls: 18/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning þar sem fram kemur að Bílanaust hf. hefði keypt allan hlut í Olíufélaginu hf. Af upplýsingum, sem fram komu í tilkynningunni, var ljóst að samlegðaráhrifa samrunans myndi fyrst og fremst gæta í þeirri smávöru sem tengist bifreiðum og seldar væru á bensinstöðvum Olíufélagsins. Samrunafélögin myndu því styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn kæmi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og var því ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna hans.

Kaup Icelandic umbúða ehf. á Valdimari Gíslasyni hf.

Númer máls: 19/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning þar sem fram kom að Icelandic umbúðir ehf. hefðu keypt allan hlut í Valdimari Gíslasyni hf. Af upplýsingum, sem fram komu í tilkynningunni, var ljóst að samlegðaráhrifa samrunans myndi fyrst og fremst gæta við sölu á umbúðum fyrir matvæli, svo sem kjöt og fisk. Þar sem samrunafélögin hafa um árábil séð fyrirtækjum í matvælaíðnaði fyrir umbúðum fyrir bæði kjöt og fisk er ljóst að þau munu styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn kæmi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og var því ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna hans.

Misnotkun Skífunnar á markaðsráðandi stöðu sinni

Númer máls: 20/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Íhlutun

Kæra til áfrýjunar: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 4/2006)

Ágrip: Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Skífan (Dagur Group) hefði gerst sek um að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið þannig gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Þetta gerði Skífan með gerð samninga við Hagkaup um sölu á hljómdiskum og tölvuleikjum sem fólu í sér einkakaup og samkeppnishamlandi afslætti. Með einkakaupum í þessu samhengi var átt við að Hagkaup skuldbundu sig til að kaupa í heildsölu tiltekið hátt hlutfall af öllum umræddum vörum eingöngu af Skífunni. Með samningunum voru keppinautar Skífunnar í heildsölu á hinum tilgreindu vörum nánast útilokaðir frá viðskiptum við Hagkaup sem er stór seljandi á m.a. hljómdiskum. Skífan hafði jafnframt áður gerst brotleg með sambærilegum hætti árið 2001 og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti árið 2004 og fyrirtækinu gert að greiða 12 m.kr. sekt. Einnig hafði á árinu 2004 komið til kasta samkeppnisráðs að fjalla um samruna Skífunnar við önnur fyrirtæki og var þar tekið fram að heildsölu Skífunnar væri óheimilt að gera þá kröfu til viðskiptavina sinna að tiltekið hlutfall í vöruvali þeirra í einstökum vöruflokkum afþreyingarefnis skyldi keypt í heildsölu af Skífunni. Hafði Skífan (nú Dagur Group) nú ítrekað brot sitt á samkeppnislögum frá árinu

2001 og það með enn umfangsmeiri og alvarlegri hætti en áður og því var fyrirtækinu gert að greiða 65 m.kr. stjórnvaldssekt.

Kaup Exit ehf. á Ferðaskrifstofu Íslands ehf.

Númer máls: 21/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst samrunaskrá þar sem fram kemur að Exit ehf. hefði keypt allan hlut í Ferðaskrifstofu Íslands ehf. Flokkuðust kaupin sem láréttur samruni þar sem báðir aðilar störfuðu á sama sölustigi. Því var ljóst að umtalsverðra samlegðaráhrifa myndi gæta í meginstarfsemi samrunafélaganna sem var sala á skipulögðum ferðum til tilgreindra áfangastaða erlendis. Samrunaaðilar myndu því styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og var því ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna hans.

Kaup Dagsbrúnar hf. á Senu ehf.

Númer máls: 22/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Íhlutun

Kært til áfrýjunarn: Ákvörðun felld úr gildi (úrskurður í máli nr. 5/2006)

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynningu um kaup Dagsbrúnar á Senu. Sena og félög í eigu Senu störfuðu á ýmsum sviðum afþreyingar, svo sem tölvuleikja, myndbanda og tónlistar. Samkvæmt tilkynningunni er Dagsbrún eignarhalds- og fjárfestingarfélag sem fjárfestir aðallega á sviði fjölmiðlunar, fjarskipta, afþreyingar og tengdra greina. Það var mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Dagsbrúnar á Senu myndu styrkja markaðsráðandi stöðu beggja félaganna á ýmsum mörkuðum fjölmiðlunar og afþreyingar. Þá taldi Samkeppniseftirlitið að í krafti þessarar stöðu gætu félögin takmarkað samkeppni og hagað verðlagningu sinni, viðskiptakjörum og þjónustu án þess að taka tillit til keppnauta sinna og neytenda og skaðað þannig samkeppni. Þá leiddu yfirráð Baugs Group hf. á Dagsbrún í ljósi hlutfjáreignar og tengsla við aðra stóra hluthafa í félaginu einnig til að styrkja þá stöðu. Fór Baugur jafnframt með yfirráð í Högum hf. sem starfa að hluta til á tengdum mörkuðum og Sena, þ.e. einkum heildsölu og smásölu á tónlist á geisladiskum, DVD-myndum og tölvuleikjum. Ekki reyndust heldur forsendur til að samþykja samrunann með skilyrðum. Að þessu virtu var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt væri að ógilda samrunann til að komast hjá þeirri röskun á samkeppni sem annars myndi af honum leiða á umræddum mörkuðum.

Ósk leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils svf. um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlega verðskrá fyrir félagsmenn Hreyfils

Númer máls: 23/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá leigubifreiðastöðinni Hreyfli svf. þar sem óskað var eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Erindi þetta var sent í framhaldi af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006, um afnám á hámarksökutöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gaf út, og ákvörðun nr. 15/2006 þar sem gildistöku fyrrnefndrar ákvörðunar nr. 4/2006 var frestað til 1. júlí 2006. Hreyfli var veitt heimild til að gefa út slíkan hámarksökutaxta. Heimildin gilti í eitt ár og var hún bundin þeim skilyrðum að ákvörðun um hámarksökutaxta yrði tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á Hreyfli og birt á áberandi stað í hverri leigubifreið.

Undanþágubeiðni Sambands íslenskra tryggingafélaga vegna sameiginlegs útbóðs f.h. allra bifreiðartryggingarfélaganna á flutningum tjónabifreiða af vettvangi á höfuðborgarsvæðinu

Númer máls: 24/2006

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst undanþágubeiðni frá Sambandi íslenskra tryggingarfélaga þar sem óskað var eftir heimild skv. 15. gr. samkeppnislaga vegna væntanlegs sameiginlegs útbóðs tryggingafélaganna á flutningum tjónabifreiða af vettvangi á höfuðborgarsvæðinu. Tekið var fram að markaður fyrir bifreiðatryggingar væri fákeppnismarkaður og að aðildarfélög SÍT væru í yfirburðastöðu á umræddum markaði og því öll samvinna þeirra á milli varhugaverð. Samkeppniseftirlitið hafnaði umræddri beiðni enda þóttu ekki slíkir þjóðfélagslegir hagsmunir vera fyrir hendi til þess að réttlæta undanþágu frá banni samkeppnislaga um verðsamráð.

Ósk Bifreiðastöðvar Reykjavíkur um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra stöðvarinnar

Númer máls: 25/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Bifreiðastöð Reykjavíkur, BSR, þar sem óskað var eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Erindi þetta var sent í framhaldi af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 um afnám á hámarksökutöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gaf út, og ákvörðun nr. 15/2006 þar sem gildistöku fyrrnefndrar ákvörðunar nr. 4/2006, var frestað til 30. júní 2006. BSR var veitt heimild til að gefa út slíkan hámarksökutaxta. Heimildin gilti í eitt ár og var bundin tilteknum skilyrðum.

Kaup Haga hf. á Res ehf.

Númer máls: 26/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Hagar hf., sem reka verslanirnar Bónus, Hagkaup, 10-11, Útilíf, Zara, Debenhams og Top Shop, hefðu keypt fyrirtækið Res ehf. sem rekur verslanirnar Karen Millen, Warehouse, Shoe Studio, Whistles og All Saints. Samkeppniseftirlitið taldi að ekki myndaðist markaðsráðandi staða á skilgreindum mörkuðum í kjölfar samrunans né myndun sem starfa á mörkuðum sem fyrirtækið hafði að óverulegu leyti starfað á áður og nokkur samkeppni ríkir á. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að hafast að vegna samrunans.

Kaup Haga hf. á Íshöfn ehf.

Númer máls: 27/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Hagar hf. sem reka verslanirnar Bónus, Hagkaup, 10-11, Útilíf, Zara, Debenhams og Top Shop, hefðu keypt fyrirtækið Íshöfn ehf. sem rekur verslanirnar Oasis, Coast og Changes. Samkeppniseftirlitið taldi að ekki myndaðist markaðsráðandi staða á skilgreindum mörkuðum í kjölfar samrunans né myndi slík staða styrkjast. Hagar væru að hefja rekstur á verslunum sem starfa á mörkuðum sem fyrirtækið hafði að óverulegu leyti starfað á áður og nokkur samkeppni ríkir á. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að hafast að vegna samrunans.

Samruni DAC ehf. og Lyfjavers ehf.

Númer máls: 28/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Íhlutun

Kæra til áfrýjunar: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 6/2006)

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að fyrirtækið DAC ehf. hefði keypt lyfsöluþyrntækið Lyfjaver ehf. DAC og Lyfjaver annast innflutning lyfja, heilðsölu og lyfjaskömmun fyrir einstaka sjúklinga og sjúklinga á stofnunum. Auk þess rekur Lyfjaver apótek m.a. í samkeppni við apótek í eigu Lyfja og heilsu hf. sem er í sömu fyrirtækjasamstæðu og DAC. Ásamt því að kaup DAC á Lyfjaveri fólu í sér samruna í skilningi samkeppnislaga var um að ræða samruna Lyfja og heilsu og Lyfjavers. Lyf og heilsa var talin vera í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir smásölu lyfja með Lyfju. Var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruni DAC og Lyfjavers myndi leiða til yfirburðastöðu samrunaaðila á smásölumarkaði fyrir lyf og jafnframt á markaði fyrir skömmun lyfja fyrir stofnanir. Var talið að samrunaaðilar gætu í krafti stöðu sinnar takmarkað samkeppni og hagað verðlagningu, þjónustu og viðskiptaskilmálum að verulegu leyti án tillits til keppnauta eða viðskiptavina. Þá myndi samruni DAC og Lyfjavers jafnframt hindra virka samkeppni á markaði fyrir smásölu lyfja með því að sameiginleg markaðsráðandi staða Lyfja og heilsu og Lyfju styrkist. Taldi Samkeppniseftirlitið ekki annað fært en að ógilda samrunann.

Ósk um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem aka frá leigubifreiðastöðinni Aðalbílum, Reykjanesbæ.

Númer máls: 29/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Ný-ung ehf. sem rekur leigubifreiðastöðina Aðalbíla, Reykjanesbæ, þar sem óskað var eftir heimild skv. 15. gr. samkeppnislaga til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Erindi þetta kom í framhaldi af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006, um afnám á hámarksökutöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gaf út, og ákvörðun nr. 15/2006 þar sem gildistöku fyrrnefndrar ákvörðunar nr. 4/2006 var frestað til 30. júní 2006. Aðalbílum var veitt heimild til að gefa út slíkan hámarksökutaxta. Heimildin gilti í eitt ár og var bundin tilteknum skilyrðum.

Ósk um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga fyrir Bifreiðastöð Hafnarfjarðar til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra stöðvarinnar.

Númer máls: 30/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Ný-ung ehf. sem rekur Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, þar sem óskað var eftir heimild skv. 15. gr. samkeppnislaga til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Erindi þetta kom í framhaldi af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 um afnám á hámarksökutöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gaf út, og ákvörðun nr. 15/2006 þar sem gildistöku fyrrnefndrar ákvörðunar nr. 4/2006 var frestað til 30. júní 2006. Bifreiðastöð Hafnarfjarðar var veitt heimild til að gefa út slíkan hámarksökutaxta. Heimildin gilti í eitt ár og var bundin tilteknum skilyrðum.

Kaup Húsasmiðjunnar hf. á hluta af Sindra-KHB byggingavörum ehf.

Númer máls: 31/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Húsasmiðjan hf. hefði keypt viðskiptavild, vörulager og lausafé Sindra-KHB byggingavara ehf. á Austurlandi. Samkeppniseftirlitið taldi samrunann ekki hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

Kaup Glitnis banka hf. á Kreditkortum ehf.

Númer máls: 32/2006

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Glitnir banki hf. hefði keypt hlutafé í Kreditkortum hf. en eftir kaupin á Glitnir banki hf. 54,95% alls hlutafjár í fyrirtækinu og er því um að ræða samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið taldi að við samrunann myndaðist ekki markaðsráðandi staða á skilgreindum mörkuðum né að slík staða myndi styrkjast. Samkeppniseftirlitið taldi því ekki ástæðu til að hafast að vegna samrunans.

Kaup Símans hf. á Radiómiðun-Ísmar ehf.

Númer máls: 33/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Síminn hf. hefði keypt tiltekinn hluta rekstrar Radiómiðunar-Ísmar ehf. (Radiómiðun). Rekstur Radiómiðunar hafði í meginatriðum falist í endursölu á gervihnattaþjónustu og sölu á fjarskiptabúnaði og fiskileitartækjum. Kaup Símans á Radiómiðun flokkuðust undir samruna í skilningi samkeppnislaga. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og var því ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna hans.

Samruni Dagsbrúnar hf. og Securitas hf.

Númer máls: 34/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Dagsbrún hf. hefði keypt allt hlutafé í Securitas hf. Securitas starfar á markaði fyrir öryggisþjónustu sem meðal annars felst í fjarlægju heimila, fyrirtækja og sumarhúsa þar sem fjarskiptakerfi eru notuð við gæsluna. Að mati Samkeppniseftirlitsins er Securitas ráðandi á markaði fyrir öryggisþjónustu. Samkeppniseftirlitið taldi að með samrunanum hefði skapast möguleiki á samþættingu öryggisþjónustu við þjónustu annarra dótturfélaga Dagsbrúnar sem kæmi til með að styrkja stöðu félagsins á markaði fyrir öryggisþjónustu. Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins m.a. að samruni Dagsbrúnar og Securitas gæti, ef ekkert yrði að gert, takmarkað samkeppni á þeim markaði sem til staðar væri og einnig möguleika nýrra aðila til þess að koma inn á öryggisþjónustumarkaðinn. Af þessum ástæðum voru samrunanum sett skilyrði sem Dagsbrún sættist á að hlíta. Fólu skilyrðin í sér að Securitas væri óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu, sem félagið veitir, að einhver þjónusta annars dótturfélags Dagsbrúnar fylgi með í kaupunum. Enn fremur væri Securitas óheimilt að verðleggja þjónustu fyrirtækisins, sem boðin er með þjónustu annars dótturfélags Dagsbrúnar, þannig að verðlagning tilboða jafngildi skilyrði um að ein tegund þjónustu sé keypt með annari. Þjóði Securitas sína þjónustu ásamt þjónustu annars dótturfélags Dagsbrúnar skal verð hverrar þjónustu koma fram í tilboðinu. Sama gildir ef önnur dótturfélag Dagsbrúnar bjóða sína þjónustu ásamt þjónustu Securitas

Kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf., Kaupfélags Borgfirðinga svf. og Kaupfélags Héraðsbúa svf. o.fl. á Áburðarverksmiðjunni hf. og samruni fóðurdeildar Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Áburðarverksmiðjunnar hf. við Fóðurblönduna hf. og Bústólpa ehf.

Númer máls: 35/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um samruna Kaupfélags Skagfirðinga og Áburðarverksmiðjunnar við Föðurbíönduna og Bústólpa. Samkeppniseftirlitið taldi að með samrununum skapaðist möguleiki á samþættingu á sölu á vörum og þjónustu samrunaaðilanna sem komi til með að styrkja stöðu hinna sameinuðu fyrirtækja á fóður- og áburðarmörkuðum. Var talið að ef ekkert yrði að gert þá myndi samruninn takmarka samkeppni núverandi aðila á markaði og einnig möguleika nýrra aðila til þess að komast inn á fóður- og áburðarmarkað. Því var ákveðið að setja samrununum tiltekin skilyrði sem samrunaaðilar sættust á að hlíta. Inntak helstu skilyrðanna fólst í að koma í veg fyrir samstarf, að aðgreina félögin hvort frá öðru með slitum á sameiginlegu eignarhaldsfélagi tveggja þeirra, með því að banna samtvinnum á milli hinna ólíku vara eða vöru og þjónustu sem fyrirtækið veitir og að skylda félögin til að aðgreina verð. Með því var reynt að aðgreina sölu og þjónustu á fóður- og áburðarmarkaði þannig að ekki væri fært að tengja sölu þessara tveggja vara saman þannig að það skaðaði samkeppni eða niðurgreiða aðra vöruna á kostnað hinnar. Skilyrði ákvörðunarinnar tóku til samrunaaðila og allra annarra fyrirtækja sem voru og koma til með að verða til innan samstæðunnar. Tekið var fram að brot á skilyrðunum myndi varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.

Samruni Skýrr hf. og EJS ehf.

Númer máls: 36/2006

Atvinnuvegir: Fjaraskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Skýrr, dótturfélags Kögunar, á öllu hlutafé Dseta, eiganda 58,7% hlutfjár í EJS. Samkeppniseftirlitinu var síðan tilkynnt um breytingar á samrunanum þess efnis að í stað þess að kaupin næðu til allra hluta í Dseta næðu kaupin til framangreindra hluta í EJS. Samruninn flokkast undir láréttan samruna þar sem aðilar eru starfandi á sama sölustigi. Því er ljóst að umtalsverðra samlegðaráhrifa muni gæta í meginstarfsemi samrunafélaganna sem er sala vélbúnaðar, hýsing, kerfisleiga og tölvurekstrarþjónusta. Samrunaaðilar munu því styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga og var því ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna hans.

Samruni Skoðunar ehf. og Kögunar hf.

Númer máls: 37/2006

Atvinnuvegir: Fjaraskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Skoðunar, dótturfélags Dagsbrúnar, á öllu hlutafé Kögunar. Þessi fyrirtæki hafa starfað á ólíkum mörkuðum og er lítil eða engin skörun á milli þessara fyrirtækja. Fæst því ekki séð að samruni þessi muni styrkja markaðsráðandi stöðu Dagsbrúnar né verður talið að sökum markaðsráðandi stöðu Dagbrúnar geti samstæðan náð ráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem Kögun hefur starfað á. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn myndi ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Samruni Exista ehf. og VÍS eignarhaldsfélags hf.

Númer máls: 38/2006

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynnt um kaup Exista ehf. á 80,8% eignarhlut í VÍS eignarhaldsfélagi hf. Eftir kaupin átti Exista ehf. og dótturfélag þess um 99,93% í VÍS eignarhaldsfélagi hf. Kaupin fólu í sér samruna tveggja fyrirtækjasamstæðna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þessar fyrirtækjasamstæður hafa í aðalatriðum starfað á mjög ólíkum mörkuðum og er því ekki um að ræða samruna þar sem

keppinautar hætta að keppa á tilteknum markaði. Athugun Samkeppniseftirlitsins bendir ekki til þess að samlegðaráhrif þessa samruna skapi aðgangshindranir að viðkomandi mörkuðum né að samkeppnisleg staða keppinauta skerðist við samrunann. Ekki fæst séð að samruninn leiði til eða styrki markaðsráðandi stöðu. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Exista ehf. og VÍS eignarhaldsfélags hf. gefi ekki ástæðu til frekari aðgerða.

Erindi Mjólu ehf. vegna misnotkunar

Osta- og smjörölunnar sf. á markaðsráðandi stöðu

Númer máls: 39/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Íhlutun

Kæra til áfrýjunar: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 8/2006)

Ágrip: Samkeppniseftirlitið taldi Osta- og smjöröluna sf. hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína gagnvart Mjólu ehf. og þannig brotið gegn samkeppnislögum. Þegar Mjóla hóf störf með framleiðslu á fetastí þurfti fyrirtækið að kaupa mjólkurduft af Osta- og smjörölnunni. Var Mjólu gert að greiða hið herra verð, sem er til fyrirtækja í mjólkuriðnaði, en annað fyrirtæki í ostaframleiðslu, Ostahúsið, hafði hins vegar verið látið greiða hið lægra verð, sem er til fyrirtækja í annarri matvælaframleiðslu, vegna sinnar framleiðslu og hafði svo verið um margra ára skeið. Þetta varð tilefni til þess að Mjóla kvartaði til Samkeppniseftirlitsins yfir mismunun Osta- og smjörölnunnar en það fyrirtæki ásamt eigendum þess (mjólkursamlögum) eru helstu keppinautar Mjólu. Osta- og smjörölsalan brást við með þeim hætti að hækka verðið á mjólkurdufti til Ostahússins til að jafna samkeppnisstöðu Mjólu og Ostahússins og bar við mistökum starfsmanna fyrirtækisins. Osta- og smjörölsalan er í einokunarstöðu við sölu á mjólkurdufti hér á landi, enda koma háir tollar á mjólkurdufti í reynd í veg fyrir innflutning á duftinu. Vegna stöðu Osta- og smjörölnunnar, sem hér er lýst, hvílir sérstaklega rík skylda á fyrirtækinu að mismuna ekki viðskiptavinum sínum. Með vísan til þess taldi Samkeppniseftirlitið Osta- og smjöröluna hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína þegar fyrirtækið seldi Mjólu annars vegar og Ostahúsinu hins vegar mjólkurduft á misháu verði og þannig brotið gegn samkeppnislögum.

Erindi er varða samkeppnishætti Námsgagnastofnunar við útgáfu og sölu kennsluefnis fyrir grunnskólanema

Númer máls: 40/2006

Atvinnuvegir: Mennta- og menningarmál

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitið mælti fyrir um fjárhagslegan aðskilnað hjá Námsgagnastofnun milli þess hluta reksturs sem er í samkeppnisrekstri annars vegar, þ.e. sölu á náms- og kennslugögnum á almennan markað, og hins vegar þeirrar starfsemi sem tengist því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að sjá grunnskólum landsins fyrir náms- og kennslugögnum. Ljóst er að Námsgagnastofnun hefur ekki fjárhagslegan aðskilnað í skilningi samkeppnislaga, þ.e. aðskilnað samkeppnisstarfsemi annars vegar og lögbundinnar eða verndaðrar starfsemi hins vegar. Námsgagnastofnun er stofnun á A-hluta fjárlaga, þ.e. opinber stofnun í vernduðum rekstri í skilningi samkeppnislaga jafnframt því að vera í samkeppnisrekstri, sölu á almennan markað á náms- og kennslugögnum. Samkeppniseftirlitið taldi að á meðan sá hluti rekstrar Námsgagnastofnunar, sem væri í samkeppni við einkaaðila, væri ekki fjárhagslega aðskilinn öðrum rekstrareiningum stofnunarinnar væri hætta á að sú starfsemi, sem rekin væri í samkeppni við einkaaðila, nyti þess að um væri að ræða sölu á framleiðsluvörum framleiddum fyrir opinbert fé vegna skilgreinds hlutverks Námsgagnastofnunar.

Erindi Tax Free á Íslandi ehf. vegna Global Refund á Íslandi hf.

Númer máls: 41/2006

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Tax Free á Íslandi

ehf. vegna meintrar misnotkunar Global Refund á Íslandi hf. á stöðu sinni á markaðnum. Þessi tvö fyrirtæki starfa hér á landi í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna. Taldi Tax Free á Íslandi ehf. að langvarandi taprekstur Global Refund á Íslandi hf. væri brot á 11. gr. samkeppnislaga en reksturinn hafi verið fjármagnaður með aukningu hlutfjár frá móðurfélaginu sem sé öflugt alþjóðlegt fyrirtæki og væri aðgerðin til þess fallin að útrýma samkeppni á íslenskum markaði. Það var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ákvæði 11. gr. samkeppnislaga ættu ekki við þar sem Global Refund hafi ekki tekist að viðhalda eða styrkja stöðu sína á markaðnum og því ekki ástæða til að ætla að Global Refund hafi verið ráðandi á markaðnum á þeim tíma sem kvörtunin barst. Á hinn bóginn var talið að félagið gæti í krafti fjárhagslegra tengsla við móðurfélag sitt styrkt svo stöðu sína á skömmum tíma að það teldist ráðandi á markaðnum. Samkvæmt framangreindu taldi Samkeppniseftirlitið því ekki ástæðu til íhlutunar vegna kvörtunar Tax Free á Íslandi ehf. að svo stöddu.

Kaup OMX AB á Eignarhaldsfélagi Verðbréfaþings hf.

Númer máls: 42/2006

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup OMX AB á öllu hlutfé í Eignarhaldsfélagi Verðbréfaþings hf. sem er félag um eignarhald á Verðbréfaskráningu Íslands hf. og Kauphöll Íslands hf. Í samrunaskránni kom fram að markmið samrunans væri að auka skilvirkni og að auka ávinning hluthafa, útgefenda verðbréfa og markaðsaðila auk þess sem samruninn myndi stuðla að enn frekari samþættingu norræns verðbréfamarkaðar. Fram kom að Eignarhaldsfélagið muni áfram vera skráð íslenskt félag með heimilisfesti á Íslandi og að félagið muni lúta íslenskum lögum og eftirliti íslenskra yfirvalda. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi ekki í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni væri líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi og þótti því ekki ástæða til að aðhafast neitt frekar vegna hans.

Kaup O.W. Bunker & Trading A/S á Grupo ABC Atlantic Bunker S.L.

Númer máls: 43/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup O.W. Bunker og Trading A/S í Danmörku á öllu hlutfé Grupo ABC Atlantic Bunker S.L. Var lagt mat á hvort samruninn myndi hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða yrði til eða að slík staða myndi styrkjast. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að ekki væri ástæða til að aðhafast vegna kaupa OW á ABC. Var vísað til þess að aðeins lítil hluti veltu ABC og OW væri hér á landi og ekki virtist vera nein skörun á starfsemi félaganna, né önnur atriði sem bentu til þess að samruninn gæti raskað samkeppni.

Kaup Alcan Inc. á Carbone Savoie S.A.S

Númer máls: 44/2006

Atvinnuvegir: Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynnt um kaup Alcan France S.A.S á öllu hlutfé Carbone Savoie S.A.S. Var lagt mat á hvort samruninn myndi hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða yrði til eða að slík staða myndi styrkjast. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa Alcan France á Carbone Savoie. Var vísað til þess að aðeins lítil hluti veltu fyrirtækjanna væri hér á landi og ekki virtist vera skörun á starfsemi félaganna né hafi komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni.

Kaup Íslandspóstis hf. á Samskiptum ehf. og Samskiptum-merkingum ehf.

Númer máls: 45/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Íslandspóstis hf. á öllu hlutfé Samskipta ehf. og Samskiptamerkinga ehf. Var lagt mat á hvort samruninn myndi hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða yrði til eða að slík staða myndi styrkjast. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að ekki væri ástæða til að aðhafast neitt vegna kaupanna. Var vísað til þess að ekki virðist vera skörun á starfsemi félaganna né hafi komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Kaup DM ehf. á Dreifingarmiðstöðinni ehf.

Númer máls: 46/2006

Atvinnuvegir: Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning vegna kaupa félagsins DM ehf. á Dreifingarmiðstöðinni ehf. DM annast eftir kaupin rekstur vöruhúss og vörudreifingu m.a. á bókum, tímaritum, ritföngum og skrifstofuvörum. Eigendur DM eru að miklu leyti sömu aðilar og eiga Pennann hf. eða eru tengdir þeim aðilum en Penninn hf. er heildsölu- og smásölu fyrirtækis sem selur einkum bækur, tímarit, ritföng og skrifstofuvörur. Eftir rannsókn á umræddum samruna var niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sú að tilefni væri til íhlutunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Viðræður á milli samrunaaðila og Samkeppniseftirlitsins leiddu til sáttar um að aðilar málsins myndu hlíta skilyrðum sem kæmu í veg fyrir óheppileg áhrif samrunans á samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Skilyrðin felast m.a. í því að koma í veg fyrir flæði upplýsinga á milli DM og Pennans og skapa jafnræði með þeim sem starfa á mörkuðum fyrir bóka-, tímarita- og ritfangasölu.

Samruni Pennans hf. og Bókaverslunarinnar Andrés Níelsson hf. annars vegar og samruni Pennans hf. og Bókaverslunar Jónasar Tómassonar ehf. hins vegar

Númer máls: 47/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Penninn hf. hefði keypt Bókaverslun Jónasar Tómassonar (BJT) á Ísafirði og verslunarrekstur Bókaverslunarinnar Andrés Níelsson (BAN) á Akranesi. Af upplýsingum, sem fram komu í tilkynningunni, var ljóst að samlegðaráhrifa samrunanna myndi fyrst og fremst gæta við smásölu á bókum, tímaritum og skrifstofuvörum. Ljóst þótti að staða Pennans væri almennt mjög sterk á þeim sviðum viðskipta, sem og á markaði fyrir heildsölu á ritföngum, skrifstofuvörum, erlendum tímaritum og erlendum dagblöðum. Var hins vegar ljóst að rekstrarafkoma bókaverslana BAN og BJT hefur verið slæm á undanförunum árum. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins var það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki væri ástæða til að hafast frekar að vegna kaupa Pennans á umræddum bókaverslunum.

Erindi félagsins Hraðra handa vegna túlkajónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra

Númer máls: 48/2006

Atvinnuvegir: Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppnisýfirvöldum barst erindi frá félaginu Hröðum höndum. Í erindinu var þess meðal annars óskað að mælt yrði fyrir um fjárhagslegan aðskilnað samkvæmt 14. gr. samkeppnislaga innan Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra. Í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins kom meðal annars fram að um hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra væri fjallað með ítarlegum hætti í lögum og reglum. Væri eitt lögbundinna hlutverka samskiptamiðstöðvarinnar að annast táknaðstúlkun fyrir heyrnarlausra og heyrnarkertra. Ekki væri

um að ræða rekstur í frjálsri samkeppni. Af þessum ástæðum var ekki gripið til aðgerða af hálfu Samkeppniseftirlitsins í málinu.

Stofnun Orkusölnunnar

Númer máls: 49/2006

Atvinnuvegir: Orkumál

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að RARIK, Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun hefðu stofnað félagið Orkusalan ehf. Skyldi hið nýja félag sjá um framleiðslu og sölu á rafmagni. Taldi Samkeppniseftirlitið samkeppnisleg vandamál skapast með samrunanum þar sem Landsvirkjun væri í ráðandi stöðu á markaði fyrir framleiðslu/heildsölu á rafmagni og markaði fyrir smásölu á rafmagni til stórnotenda en sú staða myndi verða til þess að styrkja mjög stöðu Orkusölnunnar. Með hliðsjón af stórrí markaðshlutdeild Orkusölnunnar var aðild Landsvirkjunar að Orkusölnunni talin mynda markaðsráðandi stöðu hins nýstofnaða félags á markaðnum fyrir smásölu á rafmagni til almennra nota. Samrunaaðilar lögðu í kjölfar þessarar frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til að Landsvirkjun drægi sig út úr félaginu. Samþykkti Samkeppniseftirlitið samrunann með því skilyrði að Landsvirkjun seldi eignarhlut sinn í Orkusölnunni.

Erindi Auðkennis hf. vegna samstarfs banka og sparisjóða um uppsetningu nýs öryggisbúnaðar

Númer máls: 50/2006

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Auðkenni hf. þar sem gerð var grein fyrir samstarfi banka og sparisjóða vegna kaupa, uppsetningar og reksturs á svonefndum Todos-öryggisbúnaði (auðkennislyklum). Í erindinu var tekið fram að liti Samkeppniseftirlitið svo á að uppsetning búnaðarins kæmi til með að raska samkeppni milli banka og sparisjóða væri óskað eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga. Í ákvörðun sinni taldi Samkeppniseftirlitið fyrirhugað samstarf vera til þess fallið að raska samkeppni og tók fram í því samhengi að íslenskur bankamarkaður væri fákeppnismarkaður þar sem bankar og sparisjóðir, sem starfa að meginstefnu til á sömu mörkuðum, nytu yfirburðarstöðu og því þyrfti að fara varlega þegar um samstarf keppinauta væri að ræða við slíkar aðstæður. Hins vegar ákvað eftirlitið að veita samstarfinu undanþágu til loka árs 2008 en því var beint til aðila að gæta sérstaklega að því að umrætt samstarf tæki aðeins til nauðsynlegra þátta sem tengdust innleiðingu á umræddum öryggisbúnaði í því skyni að vinna gegn því að misfarið yrði með aðgangsupplýsingar netbankanotenda.

Erindi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja vegna útgáfu leiðbeinandi reglna um meðferð fjármuna ófjárráða barna

Númer máls: 51/2006

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Undanþága frá ólögsmætu samráði

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samtök banka og verðbréfafyrirtækja leituðu til Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirhugaðrar útgáfu reglna um meðferð fjármuna ófjárráða barna. Í erindinu kom fram að unnið hafði verið að drögum um upplýsingabækling vegna reglna um meðferð slíkra fjármuna. Ætlunin væri að gefa út upplýsingabækling þar sem veitt yrði yfirlit yfir þær lagareglur sem í gildi eru um þetta efni. Tekið var fram að æskilegt þætti að einungis yrði gefinn út einn bæklingur um þetta efni þar sem mismunandi framsetning á sama efni væri ekki til þess fallin að eyða óvissu og vanþekkingu á þessu sviði. Í ákvörðun sinni tók Samkeppniseftirlitið fram að líta yrði til þess að íslenskur bankamarkaður væri samanþjappaður fákeppnismarkaður. Samkeppniseftirlitið lagði áherslu á að almennt þyrfti að gjalda varhug við samstarfi keppinauta á markaði af slíkum toga, þ.m.t. samstarfi innan hagsmunasamtaka fyrirtækja á slíkum markaði. Í ljósi hins sérstaka eðlis samstarfsins, sem mál þetta tók, til þótti hins vegar ekki ástæða til að aðhafast vegna fyrirhugaðrar útgáfu upplýsingabæklingins.

Kvörtun Loftmynda ehf. vegna Landmælinga Íslands

Númer máls: 52/2006

Atvinnuvegir: Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu barst kvörtun frá Loftmyndum ehf., annars vegar yfir meintum einkakaupasamningum Landmælinga Íslands við opinbera aðila um afnot af hæðarlíkönum og hins vegar yfir því að ekki sé fjárhagslegur aðskilnaður á milli samkeppnisrekstrar stofnunarinnar og verndaðs rekstrar hennar. Samkeppniseftirlitið telur að þar sem umræddir einkakaupasamningar hafi enn sem komið er ekki verið gerðir sé ástæðulaust að hafast að vegna þeirra. Þar sem verkefni Landmælinga Íslands séu nú að öllu leyti lögbundin, sbr. lög nr. 103/2006, um landmælingar og grunnkortagerð, sé ekki lagagrundvöllur til að kveða á um fjárhagslegan aðskilnað hjá stofnuninni. Með vísan til þessa taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna kvörtunar Loftmynda ehf.

Álit

Opinberar samkeppnishömlur í mjólkuriðnaði

Númer máls: 1/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitið beindi þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að hann beiti sér fyrir breytingum á ákvæðum búvörulaga. Þótti þörf á að breytingar yrðu gerðar á ákvæðum sem hindra samkeppni og mismunun fyrirtækja í mjólkuriðnaði annars vegar og hins vegar að fella niður tolla á mjólkurdufti til að greiða leið fyrir samkeppni í mjólkuriðnaði. Í álitinu kemur fram að almennt ríki óhindruð samkeppni í sölu á flestum landbúnaðarafurðum á Íslandi að undanskildum mjólkurafurðum. Njóta mjólkurframleiðendur þannig sérstakrar verndar umfram aðra framleiðendur landbúnaðarafurða. Í álitinu var sérstaklega tekinn til skoðunar samanburður við nágrannalönd okkar og kom í ljós að þar er ekki gengið jafn langt og á Íslandi í að undanskilja mjólkuriðnað undan hefðbundnu eftirliti samkeppnisyfirlvalda.

Erindi er varða samkeppnishamlandi starfshætti og lagaumhverfi Námsgagnastofnunar við útgáfu og sölu kennsluefnis fyrir grunnskólanema

Númer máls: 2/2006

Atvinnuvegir: Mennta- og menningarmál

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitið beindi þeim tilmælum til menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að laga- og reglugerðarumhverfi Námsgagnastofnunar verði tekið til skoðunar með hliðsjón af markmiði og ákvæðum samkeppnislaga. Regluumhverfi Námsgagnastofnunar þótti vera þannig úr garði gert að það útilokaði í reynd aðra námsbókahöfunda og útgefendur frá markaðnum með kennsluefni fyrir grunnskólanema. Þótti ekkert standa í vegi fyrir að samkeppni gæti þrífist við útgáfu og sölu kennsluefnis fyrir grunnskólanema yrði lagaumhverfinu breytt til samræmis við markmið og tilgang samkeppnislaga.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála árið 2006

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi 12 úrskurði á árinu 2006. Af þeim varða fimm úrskurðir nefndarinnar ákvarðanir sem Samkeppniseftirlitið tók á árinu 2005 en sjö fjalla um ákvarðanir sem Samkeppniseftirlitið tók á árinu 2006. Þannig voru sjö af 52 ákvörðunum eftirlitsins á árinu 2006 kærðar til áfrýjunarnefndar eða 13,5%. Í átta af tólf úrskurðum var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins staðfest og í einu tilviki til viðbótar var ákvörðun eftirlitsins staðfest með breytingu á sektarfjárhæð. Í þremur tilvikum var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins felld úr gildi.

Hér á eftir fer yfirlit yfir úrskurði áfrýjunarnefndar sem felldir voru á árinu 2006.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 19/2005

Atvinnuvegir: Heilbrigðis- og félagsmál

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Ákvörðun felld úr gildi

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2005 þar sem Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun heilbrigðisyfirvalda að semja ekki við klíniska sálfræðinga um greiðslubátttöku hins opinbera í kostnaði sjúkratryggðra af geðheilbrigðisþjónustu hefði skaðleg áhrif á samkeppni og færi gegn markmiði samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið beindi þeim fyrirmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hann sæi til þess að gengið yrði til samninga við sjálfstætt starfandi klíniska sálfræðinga um greiðslubátttöku hins opinbera í kostnaði sjúkratryggðra við geðheilbrigðisþjónustu klínískra sálfræðinga. Var talið að skýr ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu hefðu að geyma sérstök fyrirmæli, sem gangi framur ákvæðum samkeppnislaga, og að samkeppnisyfirlit hefði brostið heimild til þess að hafa þau afskipti af málinu sem fælust í hinni kærðu ákvörðun. Var hin kærða ákvörðun því felld úr gildi. Formaður nefndarinnar skilaði hins vegar sératkvæði þar sem kom fram að hann taldi rétt að staðfesta ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 20/2005

Atvinnuvegir: Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2005 um að ekki væri ástæða til íhlutunar í tilefni af erindi sóknaraðila vegna tilgreindra atriða varðandi starfsemi Frjálsa lífevissjóðsins sem hann taldi stangast á við ákvæði þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993. Var ekki fallist á að meðferð Samkeppniseftirlitsins á málinu hefði verið ábótavant og ákvörðun þess því staðfest að öllu leyti.

Toppfiskur ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 21/2005

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að taka ekki til frekari skoðunar kvörtun Toppfiska til samkeppnisráðs þar sem þess var farið á leit að mælt yrði fyrir um fjárhagslegan aðskilnað annars vegar milli þess hluta rekstrar útgerðarfyrirtækis sem nýtur einkaleyfis til fiskveiða og hins vegar þess hluta rekstrar sama fyrirtækis sem er á sviði fiskvinnslu og starfar í samkeppni við önnur fiskvinnslufyrirtæki sem ekki reka útgerð. Var talið eins og málatilbúnaði kvartanda var háttað að ekki yrði séð gegn nákvæmlega hvaða fyrirtækjum kvörtun hans væri beint og þótti ekki heldur sýnt fram á með hvaða hætti umrædd fyrirtæki kynnu að njóta opinbers einkaleyfis eða verndar í skilningi 14. gr. samkeppnislaga sem heimilað gætu samkeppnisyfirlitdum að grípa til aðgerða. Þegar af þeirri ástæðu kvörtun áfrýjanda fullnægði ekki skilyrðum þeim sem gera verður til erinda til Samkeppniseftirlitsins var því ekki talinn nægur lagagrundvöllur til þess að fallast á kröfur kvartanda.

FL Group hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 22/2005

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ákvörðun felld úr gildi

Ágrip: FL Group hafði keypt af Fons eignarhaldsfélagi hf. samning um kaup áfrýjanda á öllu hlutafé hins síðarnefnda í Sterling Airlines A/S, Flyselskabet A/S og Sterling Icelandic Aps. Var samruninn ekki tilkynntur til íslenskra samkeppnisyfirlvalda. Samkeppniseftirlitið óskaði eftir að FL Group færði rök fyrir því að samruninn væri ekki tilkynningarskyldur og komst

eftir rannsókn að þeirri niðurstöðu að FL Group og Sterling væri skylt að tilkynna um samruna félaganna í samræmi við 17. gr. samkeppnislaga. Áfrýjunarnefnd samkeppnislaga felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og taldi lagaákvæði það sem byggt var á ekki nægjanlega skýrt og ótvírætt til að byggja á því tilkynningarskyldu eins og þessu máli var háttað.

Passport Kvikmyndir gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 1/2006

Atvinnuvegir: Mennta- og menningarmál

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að hafna endurupptöku á máli því sem varðaði kvörtun Passport Kvikmynda vegna úthlutana Kvikmyndamiðstöðvar Íslands á framleiðslustyrkjum. Samkeppniseftirlitið taldi að ekkert hafi komið fram sem benti til þess að mál áfrýjanda hafi ekki verið nægjanlega upplýst áður en það kom til ákvörðunar. Því væru skilyrði fyrir endurupptöku ekki uppfyllt.

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 2/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Ólögmeitt samráð

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2005 þar sem Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem samþykktur hafði verið af eftirlitinu og gefinn út af Bandalagi íslenskra leigubifreiðarstjóra. Var talið að samræmdir taxtar, sem kveða á um hámark endurgjalds fyrir leiguakstur bifreiða, færu gegn meginmarkmiðum samkeppnislaga. Ákvarðanir um almenna hámarkstaxta, sem ættu að gilda á tilteknum markaðssvæðum, samrýmdust ekki bannreglum 10. og 12. gr. samkeppnislaga sökum þess að þær fælu í sér samstilltar aðgerðir sem augljóslega gætu raskað samkeppni.

Flugþjónustan á Keflavíkurlugvelli ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 3/2006

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest með breytingum

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2006 þar sem Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Flugþjónustan á Keflavíkurlugvelli (IGS), dótturfélag FL Group, hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína við afgreiðslu farþegaflugvéla. Fyrirtækið braut gegn bannreglum samkeppnislaga þegar það gerði 10 einkakaupasamninga við flugfélög sem lenda á Keflavíkurlugvelli og með því að gera flugfélaginu LTU samkeppnishamlandi tilboð. Samkeppniseftirlitið hafði gert fyrirtækinu að greiða 80 milljónir króna í stjórnvaldssekt en áfrýjunarnefndin lækkaði þá upphæð í 60 milljónir króna.

Dagur Group hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 4/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2006 þar sem Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Skífan (nú Dagur Group) hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið þannig gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Skífan ítrekaði fyrri brot sín á samkeppnislögum með gerð ólögmeitra samninga við Hagkaup sem fólu í sér ákvæði um einkakaup og samkeppnishamlandi afslætti. Í úrskurði áfrýjunarnefndar kom fram að nefndin telji brot Skífunnar bæði augljós og alvarleg og að forsvarsmönnum fyrirtækisins hafi mátt vera ljóst að umræddir samningar færu gegn samkeppnislögum, sbr. fyrri ákvörðun samkeppnisráðs

frá 2001. Var staðfest sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Skífunni bæri að greiða 65 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

Diskurinn ehf., Dagsbrún hf., Sena ehf. og Baugur Group hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 5/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ákvörðun felld úr gildi

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2006 þar sem samruni Dagsbrúnar hf. og Senu hf. var ógiltur. Var talið að andmælaréttar allra aðila hafi ekki verið tryggður með nægjanlegum hætti, sbr. einnig 3. mgr. 17. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins. Var talið að þeir annmarkar á meðferð málsins væru svo verulegir að óhjákvæmilegt væri að ómerkja málsmeðferðina hjá Samkeppniseftirlitinu í máli þessu í heild sinni. Var ákvörðunin því felld úr gildi.

DAC ehf., Lyfjaver ehf. og Lyf og heilsa ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 6/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2006 þar sem samruni lyfsölu- og lyfjaskömmuntunaryfirtækjanna DAC og Lyfjavers var ógiltur. DAC er systurfélag lyfsölukeðjunnar Lyfja og heilsu. Samruninn hefði leitt til þess að tvær lyfsölukeðjur, Lyf og heilsa annars vegar og Lyfja hins vegar, hefðu rúmlega 80% markaðshlutdeild af allri lyfjasmásölu í landinu. Taldi Samkeppniseftirlitið að Lyf og heilsa deildu sameiginlegri markaðsráðandi stöðu með Lyfju á smásölumarkaði lyfja og sú staða gerði fyrirtækjunum kleift að samhæfa hegðun sína á markaðnum án þess að þurfa að taka tillit til keppinauta eða neytenda. Væru fyrirtækin þannig í stöðu til þess að takmarka samkeppni og hækka verð. Ef umræddur samruni hefði gengið eftir hefði þessi staða orðið enn alvarlegri í samkeppnislegu tilliti og til þess fallin að raska samkeppni og skaða hagsmuni almennings.

Og fjarskipti ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 7/2006

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Annað

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að hafna því að taka kvörtun Og fjarskipta til meðferðar. Og fjarskipti hafði farið þess á leit að Samkeppniseftirlitið rannsakaði meinta misnotkun Símans hf. á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir ADSL-tengingar, þar sem þeir töldu Símann hf. mismuna félaginu við afgreiðslu beiðna um aðgang að heimitaugum og enn fremur að félaginu væri mismunað við verðlagningu. Samkeppniseftirlitið taldi kvörtunina ekki uppfylla skilyrði málsmeðferðarreglna eftirlitsins en framsendi hana til Póst- og fjarskiptastofnunar. Taldi áfrýjunarnefndin að Samkeppniseftirlitið hefði uppfyllt skyldur sínar skv. samkeppnis- og stjórnslulögum og féllst því ekki á þá kröfu Og fjarskipta að málinu yrði vísað aftur til Samkeppniseftirlitsins til meðferðar.

Osta- og smjörösalan sf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: 8/2006

Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Ákvörðun staðfest

Ágrip: Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 39/2006 um að Osta- og smjörösalan

hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið gegn bannreglu 11. gr. samkeppnislaga með því að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum með undanrennuduft. Osta- og smjörösalan var í samkeppni við kvartanda í sölu á Fetaosti og þar sem þeir voru í einokunarstöðu á hinum skilgreinda markaði þóttu ríkja sérstaklega ríkar skyldur á þeim að grípa ekki til neinna ráðstafana sem hindrað gætu samkeppni.

Samkeppniseftirlitið fyrir dómstólum

Nokkur mál voru rekin fyrir dómstólum á árinu 2006. Hér á eftir fer yfirlit yfir fjóra dóma á árinu þar sem reyndi á ákvarðanir samkeppnisfirvalda. Í tveimur tilvikum hafnaði dómurinn kröfum stefnanda um að fella úr gildi ákvörðun áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Í tveimur tilvikum var kröfum stefnanda vísað frá dómi.

Rannsóknarstofan í Mjódd sf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: E-6735/2005

Ágrip: Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kröfu Rannsóknarstofunnar um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 27/2005 yrði felldur úr gildi. Í því máli hafði áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfest þá ákvörðun samkeppnisráðs að ekki væru lagaskilyrði fyrir því að grípa til aðgerða á grundvelli samkeppnislaga gegn tilteknum aðgerðum heilbrigðisfirvalda. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti dóm Héraðsdóms með dómi sínum þann 8. febrúar síðastliðinn í máli nr. 304/2006.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu

Númer máls: E-6187/2005

Ágrip: Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kröfu Sjóvár um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 8/2005 yrði felldur úr gildi. Í því máli hafði áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfest þá ákvörðun Samkeppnisráðs að Sjóvá hefði tekið þátt í ólögum samráði ásamt Vátryggingafélagi Íslands og Tryggingamiðstöðinni við innleiðingu svokallaðs Cabas-tjónamatskerfis. Dóminum var ekki áfrýjað.

VISA Ísland-Greiðslumiðlun hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: R-321/2006

Ágrip: Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði frá kröfu VISA Íslands um að haldlagning Samkeppniseftirlitsins á nánar tilgreindum trúnaðargögnum yrði aflétt enda hafði VISA Ísland þegar fengið öll þau skjöl afhent sem tekin vöru úr vörslu fyrirtækisins og væri fallin niður heimild til málshöfðunar með stoð í 79. gr. laga nr. 19/1991. Jafnframt var vísað frá dómi varakröfu VISA Íslands um að Samkeppniseftirlitinu yrði meinað að leggja hin umdeildu gögn til grundvallar við rannsókn á meintu broti sóknaraðila á samkeppnislögum en talið var að 79. grein, sem kröfan byggðist á, fæli ekki í sér heimild til að leita úrskurðar um slíka kröfu.

Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu

Númer máls: E-1573/2006

Ágrip: Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði frá kröfu Harðar Einarssonar um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 20/2005 yrði felldur úr gildi. Í kæru til áfrýjunarnefndar hafði hann farið fram á að ákvörðun Samkeppnisráðs frá 1. apríl 2004 yrði felld úr gildi, en þar hafði verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til íhlutunar í tilefni af erindi sóknaraðila vegna tilgreindra atriða varðandi starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins sem hann taldi stangast á við ákvæði þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993. Var kröfunni vísað frá á þeim grundvelli að Hörður hafði ekki beint kröfu sinni að þeim sem álitnið var að hefðu átt aðild að málinu fyrir áfrýjunarnefnd, enda hafi þeir átt verulegra, einstaklegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn stjórnslulagsmálsins. Frávísunin var færð til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurð Héraðsdóms í máli númer 539/2006.





Nýtt húsnæði Samkeppniseftirlitsins, Borgartún 26



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Borgartúni 26, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík • www.samkeppni.is • samkeppni@samkeppni.is